



**Tjaldað í bliðunni** Um þessar mundir fylgar þeim gestum tjaldsvæðisins í Laugardal sem kjósa að hafast við í tjöldum. Í apríl fóru fyrstu húsbílnarnir að sjást og svo tjaldbúar í maí. Búast má við því að fleiri ferðalangar bætist í hópinn á næstunni, en tjaldsvæðið rúmar um 850 manns. Mikil veður- bliða var um helgina og margt um manninn á svæðinu. Útlit er fyrir að hiti fari hækkandi á landinu í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Gunnlaugur Stefánsson skrifar um Samfylkinguna og vanda hennar. **15**

**SPORT** Grótta er meistari kvenna annað árið í röð. **16**

**MENNING** Fjallað um hátíðartónleika Kórs Langholtskirkju. **24**

**LÍFÍÐ** Kvikmynd byggð á Svaninum eftir Guðberg Bergsson. **30**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK**  
• ÚTLIT OG FEGURÐ

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

**ÞÚ  
BARA  
VERÐUR  
AÐ SMAKKA**

**HAGKAUP** Skemmtilegt að verja  
**FK** FJARDARKAUP  
**Samkaup** úrval  
**HÚSASMIÐJAN**  
**nettó**



Fritt verður inn á mörg söfn á morgun.

## Safnadagurinn er á morgun

**MENNING** Alþjóðlegi safnadagurinn er haldinn hátíðlegur hér sem og annars staðar á morgun.

Sem fyrr bjóða söfn landsmönnum upp á glæsilega dagskrá í tilefni dagsins. Markmiðið með deginum er að kynna og efla safnastarf á Íslandi, segir í tilkynningu.

Fritt er inn í mörg söfn og eru landsmenn hvattir til að heim-sækja þau og njóta skemmtunar og fræðslu fyrir alla fjölskylduna. Dagskráin er aðgengileg á heimasíðu Félags íslenskra safna og safnamannafélagsins, safnmenn.is. –sg

# Tvöfalt fleiri taka nú rútuþróf en gerðu 2010

Um helmingi fleiri fá nú aukin ökuréttindi en fyrir fimm árum. Mest fjölgar þeim sem fá að keyra rútu og leigubíl. Fleiri ferðamenn kalla á fleiri bílstjóra.


**ATVINNA** Á fimm ára tímabili, frá árinu 2010 til ársins 2015, hafa nær helmingi fleiri fengið aukin ökuréttindi á Íslandi. Fyrir fimm árum fengu tæplega 1.300 aukin ökuréttindi en í fyrra voru það ríflega 1.900.

Flestir hafa fengið ökuréttindi til að keyra stórar rútur og leigubíla en þar er um meira en tvöföldun réttinda að ræða. 250 fengu rútuþróf árið 2010 en 565 í fyrra.

Guðbrandur Bogason, ökukennari í Ökuskólanum í Mjódd, segir mikinn skort vera á bílstjórum með meirapróf á Íslandi og því sjái margir atvinnutækifæri í því að fá aukin ökuréttindi. Nemendahóp-

**Það vantar hreinlega mannafla til að sinna þjónustunni og fólk er að bregðast við því.**

Guðbrandur Bogason, ökukennari



urinn er fjölbreyttur, bæði konur og karlar á öllum aldri, en þó eru flestir á miðjum aldri og margir að skipta um starfsvettvang.

„Fólk sér þetta sem leið til að taka þátt í ferðaþjónustu á Íslandi. Það vantar hreinlega mannafla til að sinna þjónustunni og fólk er að bregðast við því.“

Guðbrandur segir mörg fyrirtæki í ferðaþjónustu eiga erfitt með að manna ökutækin á sumrin enda sé skortur á bílstjórum með meirapróf. Því bregði margir á það ráð að fá erlent vinnuafli til landsins. Til að mynda þurfti Strætó að flytja inn 25 manna hóp til að sinna sumar-afleysingum í sumar. –ebg / sjá síðu 4



## Veður



Í dag stýst í norðaustlæga átt með kólnandi veðri og léttir til vestanlands eftir skýjað veður síðustu daga, en norðan og norðaustan til byrjar dagurinn á dálitlum eljum.

**SJÁ SÍÐU 22**



Gamli gagnfræðaskólinn á Siglufirði er rautt og reisulegt hús, fremst á þessari mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Nýtt fjölbýlishús á Siglufirði

**FJALLABYGGÐ** Unnið er að miklum breytingum á gamla gagganum á Siglufirði. Þessi fornfræga bygging eftir húsameistara ríkisins mun hér eftir hýsa 15 íbúðir. Er þetta í fyrsta skipti í áratugi sem hægt er að kaupa nýtt húsnæði á norðanverðum Tröllaskaga. Eigandi hússins segir það fagnaðarefni að hægt sé að bjóða nýtt húsnæði á Siglufirði.

„Við erum á algjörum byrjunarreit í söluferlinu en samt sem áður er fyrsta íbúðin seld strax sem kom okkur kannski nokkuð á óvart,“ segir Þröstur Þórhallsson, eigandi fyrirtækisins sem endurbyggir húsið. „Við sjáum fyrir okkur að með auknum umsvifum á Siglufirði þurfi þetta nýja íbúðarhúsnæði í bæinn.“

Gamli gagnfræðaskólinn á Siglufirði var teiknaður af Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins, og byggður á sjötta áratugnum. „Ég á rætur að rekja til bæjarins, er skirður í kirkjunni og var öll sumur þarna hjá ömmu og afa, þannig að þegar ég sá húsið auglýst rann mér blóðið til skyldunnar,“ segir Þröstur. – sa



Þröstur Þórhallsson, eigandi gamla gagnfræðaskólans á Siglufirði

## Á leiðinni á toppinn



Á þriðja hundrað manns nýtti sér veðurbliðu og góðar aðstæður og gekk á Hvannadalshnjúk um helgina. Þar á meðal var sex manna hópur frá Félagi íslenskra fjallalækna, sem hér sést utan myndasmíðsins, í 1.900 metra hæð með 2.110 metra háan hnjúkinn í baksýn. „Það var 19 stiga hiti og blíða þegar við komum niður,“ segir Tómas Guðbjartsson læknir. „Færið hefði ekki getað verið betra.“ MYND/TÓMAS GUÐBJARTSSON

## Verð á hráolíu slær sjö mánaða gamalt met

**VIÐSKIPTI** Verð á Brent-hráolíu hækkaði um rúm tvö prósent í gær og nam 48,9 dollurum, um sex þúsund krónum, á tunnu. Verðið hefur ekki verið hærra síðan í október síðastliðnum.

Talið er að rökun á framleiðslu bæði í Nígíeríu og Venesúela hafi ýtt undir hækkingu olíuverðs. Spá Goldman Sachs sem var á jákvæðum nótum um hækkingu olíuverðs ýtti einnig undir þróunina.

Hrávöruverð á olíu í Bandaríkjunum náði næstu hæðum á árinu í síðustu viku meðal annars vegna áhrifa af eldum á olíuframleiðslusvæðum í Kanada.

Fram kemur í grein Wall Street Journal að spáð sé hækkingu olíuverðs og að tunnan fari í um 50 dollara, 6.100 krónur, í haust. Því ráði bæði minni framleiðsla og aukinni eftirspurn. – sg

# Ganga um og eyða lúpínu á Reykjanesi

Sjálfbodaliðasamtök ætla í sumar í tvær ferðir á Reykjanesið til að eyða lúpínu. Einnig mun Hafnarfjarðarbær hjálpa til með því að bjóða starfsfólk Vinnuskólans í verkefnið. Nær væri að planta birki, segir fyrrverandi skógarbóndi.

**NÁTTÚRA** Sjálfbodaliðasamtök um náttúruvernd hafa auglýst tvær ferðir á Reykjanesið í þeim tilgangi að rífa upp lúpínu. Segir Þorvaldur Örn Árnason, forsvarsmáður sjálfbodaliðasamtakanna, þetta nauðsynlegt til að halda lúpínunni í skefjum. Lúpínan hefur oft á tíðum verið mjög umdeild planta meðal íslenskra áhugamanna um landgræðslu.

Fyrri ferð sjálfbodaliðasamtakanna verður farin 24. maí næstkomandi til að halda þjóðleið milli Voga og Njarðvíkur opinni. Þar segja forsvarsmáður samtakanna að lúpínan sé að afmá þjóðleiðina af yfirborði jarðar með framgangi sínum. Í lok júní verður svo haldið í tveggja daga ferð um Reykjanesfólkvang, í samvinnu við landverði, og lúpína rifin upp með rötum.

„Lúpínan er þannig að hún er skaðvaldur í mínum huga,“ segir Þorvaldur Örn. „En þetta er umdeild planta. Sumir segja alls staðar og aðrir vilja hvergi hafa hana. Mér finnst hún eiga rétt á sér við ræktun skóga en þá þarf að huga að því í upphafi hvar eigi að stoppa hana. Því fátt stöðvar framgang hennar. Við erum búin að vera í þessu í um fimm ár á stöðum þar sem mikið var um lúpínu. Nú er þetta viðráðanlegra.“

Sjálfbodaliðasamtökin munu fá liðsinni frá Hafnarfjarðarbæ á Reykjanesfólkvangi í lok júní. „Þá munum við fá flokka frá Vinnuskóla Hafnarfjarðar til að halda lúpínu í skefjum og erum í samvinnu við landverði á svæðinu,“ segir Þorvaldur Örn.

Sigurður Arnarson, fyrrverandi skógarbóndi, hefur skrifað bók um



Lúpína upprætt á mel efst í Kvennagönguskarði á Vogastapa. Vogar sjást í baksýn. MYND/SJÁ

**Lúpínan er þannig að hún er skaðvaldur í mínum huga.**

Þorvaldur Örn Árnason, forsvarsmáður SJÁ, Sjálfbodaliðasamtaka um náttúruvernd



belgjurtir á Íslandi og segir ekki gott að eyða skuli tíma vinnuskólalabarna í þetta verkefni. „Nær væri að nýta tíma í að planta birki á svæðinu. Ég get alveg skilið þá afstöðu að lúpína eigi ekki heima sums staðar, það er sjónarmið út af fyrir sig. Hins vegar er ekki skynsamlegt að rífa upp plöntugróður í gróðurlausri auðn,“ segir Sigurður. „Lúpínan getur vel hjálpað til við uppgæðslu birkis og þá er hægt að skila jörðinni til baka eins og hún var líklega fyrir um 1.100 árum.“ sveinn@frettabladid.is

## Garðsláttuvélar sem slá á þínum gönguhraða



**Cub Cadet**  
Gerir sláttinn auðveldari

MYSPEED

**PÓR**

Reykjavík:  
Krokháls 16  
110 Reykjavík  
Sími 568-1500

Akureyri:  
Lónsbakka  
601 Akureyri  
Sími 568-1555

Opnunartími:  
Opnið alla virka daga  
frá kl 8:00 - 18:00  
Lokað um helgar

Vefsíða og netverslun:  
www.thor.is





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# RAV4

## FERÐAKLÁR Í SUMARIÐ



1. Farangursbox - 410 lítra

2. Þverbogar - með ásetningu

3. Coleman MacKenzie tjald - 6 manna

4. Coleman Deck útilegustólar - 4 stk.

5. Safarica útileguborð

6. Campingaz ferðagasgrill

7. Leiðsögukerfi

Verð frá 4.990.000 kr.

### Með 486.000 kr. ferðapakka kaupauka í takmarkaðan tíma.

RAV4 2WD Hybrid eða 2WD Dísil býðst núna með veglegum ferðapakka í takmarkaðan tíma: sex manna tjald, gasgrill, stólar og borð fyrir útileguna, þverbogar og farangursbox á toppnum ásamt leiðsögukerfi sem vísar veginn að næsta tjaldstæði.

Gerðu ferðaklárt fyrir sumarið hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota á Íslandi.

Fáðu nánari upplýsingar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

## Kynntu þér Toyota FLEX

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

Lág  
innborgun

Tryggt  
fram tíðarvirði

Fastar  
mánaðargreiðslur



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.



## Týndist í rúman sólarhring

**BANDARÍKIN** Írská söngkonan Sinead O'Connor kom í leitirnar síðdegis í gær, eftir að lögregla í Chicago hafði leitað hennar. Ekkert hafði spurst til hennar í rúman sólarhring.

Hún fór í hjólreiðartúr á sunnudagsmorgun en hafði ekki skilað sér til baka. O'Connor hefur glímt við þunglyndi og sjálfsvígshugleiðingar.

Árið 2012 hætti hún við tónleikaferðalag um heiminn eftir að hafa upplifað taugaáfall að eigin sögn.

Söngkonan hefur barist fyrir vitundarvakningu um þunglyndi og talað opinskátt um eigin glímu. Þá hefur hún gagnrýnt fjölmiðla fyrir það hvernig fjallað er um konur sem glíma við andleg veikindi. – srs



Kjaradeila flugumsjónarmanna nær bara til Icelandair og dótturfélaga. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

## Bíða þess að fá boðun á nýjan fund

**KJARAMÁL** Slitnað hefur upp úr viðræðum Félags flugumsjónarmanna og Icelandair hjá ríkissáttasemjara.

Karl Friðriksson, formaður félagsins, segir síðasta fund hafa verið á mánudaginn var, en gerir ráð fyrir að ríkissáttasemjari boði til næsta fundar fyrir 23. maí næstkomandi, líkt og lög geri ráð fyrir. Funda verður minnst hálfmánaðarlega í vinnudeilum sem er á borði ríkissáttasemjara.

Karl segir að næstu skref séu til umræðu innan félagsins, en ekkert hafi verið ákveðið um aðgerðir til þess að þrýsta á um gerð kjarasamnings. Dragist deilan á langinn sé þó viðbúið að einhver skref verði stigin í þá átt.

Í Félagi flugumsjónarmanna eru um 50 manns, en deilan nær bara til starfsmanna Icelandair, tólf talsins. Samningar flugumsjónarmanna hafa verið lausir frá því í janúar.

Komi til aðgerða ná þær til milli-landflugs og mögulega innanlandsflugs hjá Flugfélagi Íslands. – óka

» Kjaradeila Félags flugumsjónarmanna við Icelandair nær til tólf starfsmanna. Í félaginu eru 50 manns.

## Sextíu og fimm látnir vegna eldinga á fjórum dögum

**BANGLADESS** Mikil óveðurstíð er í Banglades um þessar mundir en sextíu og fimm manns hafa orðið fyrir eldingu og látist á undanförunum fjórum dögum. Þrumuveður gengur nú yfir landið en slíkt er algengt í aðdraganda regntímabilsins.

Flestir þeirra látnu urðu fyrir eldingum í strjálbýlum hluta landsins í norðri. Flestir voru bændur eða byggingarverkamenn.

Þrjátíu og fjórir létust á fimmtudaginn og tuttugu og einn á föstudag en færri á laugardag og sunnudag. Er þetta óvenju mikill fjöldi á skömmum tíma en í fyrra urðu 274 manns eldingum að bráð í Banglades. – srs

Sérfræðingar telja að rýrnun skóga sökum skógarhöggs sé meginástæðan fyrir auknum fjölda dauðsfalla af völdum eldinga. Minna sé um hávaxin tré sem leiði eldingarnar í jörð.

Yfirvöld í Banglades eru byrjuð að greiða fjölskyldum þeirra sem látast af völdum eldinga sérstakar skaðabætur. Upphæð bótanna nemur um þrjátíu og eitt þúsund íslenskum krónum.

Líkurnar á því að verða fyrir eldingu á lifsleiðinni eru sagðar vera einn á móti tólf þúsund og níutíu prósent þeirra sem verða fyrir eldingum lifa af, en margir bíða þó varanlega skaða af. – srs



Regntímabilið er að ganga í garð í Banglades. NORDICPHOTOS/AFP

## Mikil atvinnutækifæri sögð fólgin í meiraprófsréttindum

Um helmingi fleiri fengu aukin ökuréttindi árið 2015 en árið 2010. Mesta aukningin er í hópbilum og leigubílum. Skortur er á bilstjórum í ferðaþjónustu. Fjölbreyttur hópur fólks er sagður sækja sér meirapróf.


**ATVINNA** Tvöfalt fleiri fengu réttindi til að keyra rútu árið 2015 en fimm árum áður og rétt tæplega tvöfalt fleiri fengu réttindi til að keyra leigubíl. Einnig eru æ fleiri sem fá leyfi til að keyra lítinn hópbíl. Aukning hefur verið í öllum flokkum meiraprófs fyrir utan eftirvagnapróf.

Guðbrandur Bogason, ökukennari í Ökuskólanum Mjódd, segir að algjör sprenging hafi orðið á fjölda nemenda sem taka rútuþróf síðustu fimm ár. Þessi mikla aukning tengist fleiri ferðamönnum á landinu. Mikill skortur á bilstjórum með meirapróf í kjölfar fleiri ferðamanna og rútuferða hafi orðið til þess að fólk ákveði að bæta við sig réttindum eða jafnvel breyta alveg um starfsvettvang.

„Fólk sér tækifæri og ákveður að grípa gæsina. Fólk er á mjög mismunandi aldri en margir eru í kringum fimmtugt að bæta við sig þessum réttindum,“ segir Guðbrandur. „Það er líka veruleg fjölgun á leigubilstjórum. Þá eru menn að nota helgarnar til að keyra bílana í aukavinnu og kroppa túristana.“

Fréttir voru sagðar af því í síðasta mánuði að Strætó þyrfti að flytja inn vinnuafli í sumarafleysingar. Gert var ráð fyrir að minnsta kosti 25 manna hópi til landsins til að keyra vagnana. Guðbrandur segist vita til þess að mörg ferðaþjónustufyrirtæki eigi erfitt með að manna rúturnar á sumrin. Margir bregði á það ráð að fá hingað erlent vinnuafli

### Fleiri fá aukin ökuréttindi



og Íslendingar með meirapróf séu eftirsóttir.

### Af skrifstofunni upp í jeppa

„Svona kemst ég í tengingu við náttúruna og umhverfið okkar. Það er spennandi að vera þátttakandi í uppbyggingu ferðaþjónustunnar,“ segir Arnar Már Ottósson, sem er að taka meirapróf hjá ökuskólanum.

Hann vinnur á daginn í tæknigeiranum við skrifborðið en ætlar sér að taka að sér jeppaferðir um helgar í sumar.

„Það er verið að tala um að allir séu að græða á þessum bransa. Ég er ekki að fara í þetta til að græða. Ég er í raun að ná mér í nýja lífsreynslu.“

Arnar segir að það komi honum mest á óvart hve fjölbreyttur hópur

Ég er ekki að fara í þetta til að græða. Ég er í raun að ná mér í nýja lífsreynslu.

Arnar Már Ottósson, nemi í ökuskóla



Það er líka veruleg fjölgun á leigubilstjórum. Þá eru menn að nota helgarnar til að keyra bílana í aukavinnu og kroppa túristana.

Guðbrandur Bogason, ökukennari

sé í ökuréttindanámi og hversu ítarlegt námið sé. „Þetta snýst ekki bara um ökutækid. Þetta snýst um að vera góður atvinnubilstjóri, taka ábyrgð, kunna skyndihjálpu og að bregðast við atvikum í umferðinni og svo er mikilvægt að hugsa vel um ökutækid, þrifa það og bjóða upp á góða þjónustu.“

erlabjorg@frettabladid.is

## Framúrskarandi hráefni - topp þjónusta - sanngjarnt verð



Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13  
Sími 554 7200 | facebook





# TAKTU SKREFIÐ

SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

NÁMSBRAUTIR Á HAUSTMISSERI  
KYNNINGARFUNDUR 20. MAÍ AÐ DUNHAGA 7

## KLUKKAN 16:15

JÁKVÆÐ SÁLFRÆÐI  
DIPLÓMANÁM Á MEISTARASTIGI

## KLUKKAN 17:30

FRAMKVÆMDAFERLI MANNVIRKJAGERÐAR  
STAÐNÁM – FJARNÁM

FJÁRMÁL OG REKSTUR  
STAÐNÁM – FJARNÁM

NÁM Í UNDIRSTÖÐUATRÍÐUM  
HUGRÆNNAR ATFERLISMEÐFERÐAR  
STAÐNÁM – FJARNÁM

## KLUKKAN 17:00

VIÐURKENNDUR BÓKARI  
STAÐNÁM – FJARNÁM

VERKEFNASTJÓRNUN OG LEIÐTOGAÞJÁLFUN

## KLUKKAN 18:00

LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI  
STAÐNÁM – FJARNÁM

NÁM TIL LÖGGILDINGAR FASTEIGNA-,  
FYRIRTÆKJA- OG SKIPASALA  
STAÐNÁM – FJARNÁM

SÉRNÁM Í HUGRÆNNI ATFERLISMEÐFERÐ  
FYRIR SÁLFRÆÐINGA OG GEÐLÆKNA

FLESTAR NÁMSBRAUTIR ENDURMENNTUNAR ERU LÁNSHÆFAR

NÁMSRÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR:

sími 525 4444  
ENDURMENNTUN.IS

ENDURMENNTUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS



## Gjaldtaka hafin fyrir bílastæði á Þingvöllum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Gjaldtaka á bílastæðum í Þjóðgarðinum á Þingvöllum hófst í gærmorgun.

Eigendur einkabíla þurfa núna að greiða fimm hundruð krónur fyrir að leggja bílum sínum á staðnum.

Fyrst um sinn verða einungis einkabílar rúkkadír um bílastæðagjald en á næstu vikum koma hópferðabílar til með að þurfa að greiða 1.500 til 3.000 krónur eftir stærð.

Gjaldið mun duga allan daginn og til klukkan átta á kvöldin, en gjaldfrjálst er eftir það. Þeir sem greiða ekki bílastæðagjald munu þó ekki fá sekt.

Allir viðmælendur fréttastofu á Þingvöllum í gær tóku gjaldtökunni með jákvæðum hætti. Þeir töldu verðið sanngjarnt og fannst sjálf-sagt að greiða fyrir stæði á Þingvöllum eins og í Reykjavík.

–sg

**MAMMUT**  
GÖNGUSKÓR

**29.990**

**ALLT FYRIR**  
**ÚTIVISTINA**



BÍLDHÖFÐA  
AKUREYRI  
SELFOSSI

**INTERSPORT**  
SPORT TO THE PEOPLE

## Í heimsókn í Havana



Jose Manuel Garcia-Margallo y Marfil, utanríkisráðherra Spánar sem hér sést fyrir miðju, var viðstaddur minningarathöfn í Havana á Kúbu í gær en þar er hann í opinberri heimsókn. NORDICPHOTOS/AFP

## Þrefalt fleiri sækja um

Sprenging hefur orðið í umsóknum um hæli hér á landi. Mestmegnis er um að ræða tilhæfulausar umsóknir útlendinga að mati Útlendingastofnunar.

**SAMFÉLAG** Flestar umsóknir útlendinga um hæli hér eru tilhæfulausar að mati Útlendingastofnunar. Fjöldi umsókna hefur þrefaldast miðað við sama tíma í fyrra. Það sem af er ári hafa 177 sótt um hæli.

Fram kemur hjá Útlendingastofnun að aðeins tveir einstaklingar hafi fengið dvalarleyfi af mannúðar-ástandum á þessu ári sem er aðeins brot af heildarfjölda umsókna. Þórhildur segir það stafa af því að flestar umsóknir um hæli hér séu tilhæfulausar. „Stór hluti þeirra sem koma hingað er í leit að atvinnu og bættum efnahagslegum kjörum. Umsóknir á slíkum grunni eru þó tilhæfulausar enda er hæliskerfið neyðarkerfi,” segir Þórhildur Hagalín, upplýsingafulltrúi Útlendingastofnunar. „Flestir þeirra sem þurfa á vernd að halda, gegn ofsóknum, pyndingum eða annarri ómannúðlegri meðferð, fá hana með



Þórhildur Hagalín,  
upplýsingafulltrúi  
Útlendingastofnunar

veitingu hælís eða viðbótarverndar.“

Alls sóttu 42 einstaklingar um hæli á Íslandi í apríl í fyrra. Flestir umsækjendur í apríl komu frá Makedóníu og Írak en alls kom nærri þriðjungur umsækjenda frá löndum Balkanskagans. Átta af hverjum tíu umsækjendum eru karlar.

Ísland sker sig frá öðrum Evrópuríkjum að því leyti til að þjóðernissamsetning umsækjenda er mjög frábrugðin því sem er í öðrum ríkjum

álfunnar. „Útlendingastofnun hefur ekki greint ástæður að baki þessu en þær eru margþættar,” segir Þórhildur. „Landfræðileg lega landsins er einn þáttur sem útskýrir hvers vegna hingað hafa ekki komið fleiri hælisleitendur frá stríðshráðum ríkjum í Mið-Austurlöndum. Fyrir íbúa Balkanskagans, sem margir hverjir þurfa ekki vegabréfsáritun til að ferðast til Íslands, er mun auðveldara að komast hingað.“

Þórhildur spáir því að allt að eitt þúsund umsóknir komi til kasta stofnunarinnar á þessu ári. „Ef horft er til síðustu mánaða 2015 sést hins vegar að fjöldi umsókna nú er í takt við þróunina sem hófst síðasta haust.“ Allt eins má gera ráð fyrir að umsóknum fjölgi eftir því sem liður á árið en spá Útlendingastofnunar gerir ráð fyrir 600 til 1.000 umsóknum á árinu. sveinn@frettabladid.is

**LYFJA**  
– Lífið heil

**Lægra verð**  
**í Lyfju**

**Nicorette**  
nikótínlyfjatyggigúmmí



lyfja.is

**15%**  
afsláttur

15% afsláttur af öllum bragðtegundum í 210 stk. pakkningum, 2 mg og 4 mg  
Tilboðið gildir til 17. júní 2016

**Tollalækkun**

**Salomon**  
skór á enn  
betra verði  
en áður!



**Salomon Quest**  
**Origin GTX**  
Stærðir 36-48

**Verð**  
~~áður 49.995 kr.~~  
nú 39.995 kr.

salomon

Íslenskur  
**ALPARNIR**  
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA  
FAXAFENI 8, SÍMI 534 2727

alparnir.is



# TILBOÐ

**BÍLALAND BÝÐUR NOKKRA BÍLA Á EINSTÖKUM KJÖRUM!  
KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL Á FRÁBÆRU VERÐI!**



NISSAN PATHFINDER SE  
Nýskr. 06/13, ekinn 101 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 5.990.000  
Rnr. 283100

**TILBOÐ kr. 5.490 þús.**



RENAULT MEGANE SPORT TOU.  
Nýskr. 12/13, ekinn 56 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 2.890.000  
Rnr. 152025

**TILBOÐ kr. 2.390 þús.**



HYUNDAI i40 WAGON STYLE  
Nýskr. 11/13, ekinn 130 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 3.890.000  
Rnr. 283155

**TILBOÐ kr. 2.990 þús.**



SUZUKI GRAND VITARA PREM.  
Nýskr. 05/14, ekinn 81 þús km.  
bensín, beinskiptur.  
Verð áður kr. 3.990.000  
Rnr. 152018

**TILBOÐ kr. 2.990 þús.**



KIA SPORTAGE EX  
Nýskr. 09/14, ekinn 66 þús km.  
dísil, sjálfskiptur  
Verð áður kr. 4.890.000  
Rnr. 283246

**TILBOÐ kr. 3.990 þús.**



NISSAN QASHQAI SE  
Nýskr. 05/12, ekinn 113 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 3.190.000  
Rnr. 330109

**TILBOÐ kr. 2.590 þús.**



HONDA ACCORD LIFESTYLE  
Nýskr. 07/13, ekinn 35 þús km.  
bensín, beinskiptur.  
Verð áður kr. 3.290.000  
Rnr. 143126

**TILBOÐ kr. 2.790 þús.**



RANGE ROVER HSE  
Nýskr. 03/03, ekinn 178 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 2.890.000  
Rnr. 152201

**TILBOÐ kr. 2.290 þús.**



RENAULT MEGANE  
Nýskr. 05/14, ekinn 66 þús km.  
dísil, beinskiptur.  
Verð áður kr. 2.390.000  
Rnr. 283278

**TILBOÐ kr. 1.850 þús.**



SUBARU OUTBACK LUX  
Nýskr. 01/13, ekinn 186 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 3.380.000  
Rnr. 143426

**TILBOÐ kr. 2.580 þús.**



HYUNDAI SANTA FE II  
Nýskr. 10/12, ekinn 44 þús km.  
bensín/metan, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 4.090.000  
Rnr. 310124

**TILBOÐ kr. 3.390 þús.**



PORSCHE CAYENNE S HYBRID  
Nýskr. 08/14 ekinn 10 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 15.900.000  
Rnr. 283286

**TILBOÐ kr. 12.390 þús.**



BMW 520 xDrive (4x4)  
Nýskr. 06/14, ekinn 20 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 7.690.000  
Rnr. 102876

**TILBOÐ kr. 6.890 þús.**



NISSAN QASHQAI SE  
Nýskr. 02/14, ekinn 86 þús km.  
dísil, beinskiptur.  
Verð áður kr. 3.570.000  
Rnr. 143079

**TILBOÐ kr. 2.990 þús.**



RENAULT CLIO EXPRESSION  
Nýskr. 02/15, ekinn 36 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 2.690.000  
Rnr. 151997

**TILBOÐ kr. 2.390 þús.**



HYUNDAI ix35 COMFORT  
Nýskr. 10/14, ekinn 65 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 4.690.000  
Rnr. 120986

**TILBOÐ kr. 3.890 þús.**



BMW X5 30d  
Nýskr. 01/13, ekinn 86 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 8.890.000  
Rnr. 143113

**TILBOÐ kr. 6.990 þús.**



RANGE ROVER SPORT HSE  
Nýskr. 12/07, ekinn 79 þús km.  
dísil, sjálfskiptur  
Verð áður kr. 6.590.000  
Rnr. 282923

**TILBOÐ kr. 5.490 þús.**



OPEL AMPERA  
Nýskr. 08/12, ekinn 16 þús km.  
bensín/rafmagn, sjálfskiptur  
Verð áður kr. 3.890.000  
Rnr. 131695

**TILBOÐ kr. 2.790 þús.**



RENAULT TRAFIC MINIBUS  
Nýskr. 06/13, ekinn 89 þús km.  
dísil, sjálfskiptur  
Verð áður kr. 4.680.000  
Rnr. 282119

**TILBOÐ kr. 3.990 þús.**

Opið frá kl. 9-18 á virkum dögum  
og kl. 12-16 á laugardögum.

Kletthálsi 11 - Reykjavík  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is  
www.bilaland.is  
www.facebook.com/bilaland.is

**bilaland**



# Lúsmý fór huldu höfði fyrir árið 2015

Rannsóknir benda til að lúsmý sé ekki nýr landnemi en að veðurastæður hafi valdið plágunni í fyrrasumar. Þá leitaði sérfræðingur að moskítóflugum hérlendis. Blóðþyrst kvikyndi fá sífellt meiri athygli sérfræðinga. Áhersla var lögð á bitvarg í rannsókn í fyrrasumar.

**NÁTTÚRA** Þvert á almannaróm þá er ekki ástæða til að ætla að lúsmý sé nýr landnemi hér á landi, en sérstakar aðstæður í umhverfinu urðu hins vegar til þess að þessi illvígi bitvargur gerði mjög vart við sig á suðvestanverðu landinu í fyrrasumar.

Þetta sýna greiningar smádyra hjá Náttúrufræðistofnun (NÍ), sem sumarið 2015 lagði áherslu á blóðþyrst kvikyndi í rannsóknum sínum. Það náði meðal annars til lúsmýs, skógarmítla og moskítófluglu. Í Evrópu er vakning í þessum málaflökki; aukid fé hefur verið veitt til rannsókna, enda er um mikilvægt heilbrigðismál að ræða.

Erling Ólafsson, skordýrafræðingur hjá NÍ, sem stýrir rannsóknum á landnámi erlendra tegunda smádyra, segir að nokkrar tegundir lúsmýs hafi áður verið staðfestar hér á landi en ættkvíslin Culicoides var ekki þar á meðal. Tegundir lúsmýs eru afar torgreindar, en í fyrrasumar var lúsmý af þessari ættkvísl staðfest hér. Tegundir af ættkvíslinni eru skæðar blóðsugur á mönnum og búsmala og bitin einstaklega óþægileg.

Erling segir ekki sannað af hverju lúsmý rauk upp úr öllu valdi í fyrra. „Skýringin liggur líklegast í veðurfarinu. Í fyrra kom enginn maímánudur, apríl náði langt fram í júní, má segja. Þegar veður batnaði gerðust hlutirnir hratt og þetta blossaði upp, og ekki bara lúsmý heldur miklu fleira – fiðrildategundir og fleira sem hafði verið í biðstöðu í kuldanum. Þá kom margt fram á skömmum tíma sem annars gerist hægt og bitandi,“ segir Erling.

„Þetta skýrir ýmisleg. Þarna er ef til vill komin skýringin á áður óút-

» Tegundir lúsmýs eru afar torgreindar, en í fyrrasumar var lúsmý af ættkvíslinni Culicoides staðfest hér á landi. Slíkt mý hafði ekki verið greint hér áður.

skýrðum bitum í gegnum tíðina. Flær og bitmý hef ég kannski lengi haft fyrir rangri sök,“ segir Erling.

Það vekur athygli að hingað til lands kom franskur sérfræðingur í blóðsjúgandi mýflugum, dr. Francis Schaffner, sérstaklega til að leggja út klakgildirur fyrir moskítóflugur, en tilvist þeirra hefur aldrei verið sannreynð hér á landi. Hann ferðaðist víða um land og lagði gildirur sínar fyrir flugur.

Eftir því sem Erling best veit fann Schaffner þessa óværu ekki hérlendis. „Ég held að það komi varla til með að breytast,“ segir Erling og bætir við að áfram verði þó fylgst með.

Skógarmítillinn var líka rannsakadur af erlendum sérfræðingum sem hingað komu til lands, en breskur sérfræðingur, dr. Jolyon Medlock, hafði fengið fjárframlag til að koma til Íslands til að leita skógarmítla.

Eins og hjá Schaffner bar leit hans ekki árangur en samt sem áður bárust NÍ og Tilraunastöðinni að Keldum mun fleiri skógarmítlar til skoðunar á árinu en nokkurn tímann fyrr, alls 24 sýni víða að af landinu.

Enn er því ósvarað spurningunni hvort skógarmítill sé orðinn landlægur hérlendis. Erling segir að líkurnar á varanlegu landnámi séu þó verulegar, en staðfestingar er enn beðið. svavar@frettabladid.is

Þarna er ef til vill komin skýringin á áður óútskýrðum bitum í gegnum tíðina. Flær og bitmý hef ég kannski lengi haft fyrir rangri sök.

Erling Ólafsson skordýrafræðingur



Moskítóflugan hefur aldrei fundist hérlendis. NORDICPHOTOS/GETTY



Skógarmítill er hingað kominn en ósannað hvort hann sé orðinn landlægur. MYND/ERLING ÓLAFSSON



Lúsmý reyndist valda svæsum bitum hjá fjölda fólks í fyrrasumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



## MATUR ER MIKILS VIRÐI

Ráðstefna um nýja strauma og markaðssetningu matvæla

Samstarfsvettvangur um Matvælaálandið Ísland efnir til ráðstefnu þar sem rýnt verður í framtíðina og fjallað um nýjar leiðir við markaðssetningu og verðmætasköpun matvæla.

### DAGSKRÁ

Fimmtudaginn  
19. maí kl. 12-16  
í Hörpu  
(Silfurberg)

#### Hádegishressing

Bjarni Gunnar Kristinsson, matreiðslumeistari í Hörpu og Gísli Matthías Auðunsson matreiðslumeistari á Mat og drykk

#### Setning

Gunnar Bragi Sveinsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi

#### Food trends towards 2025 - from food trends to successful innovation

Birthe Linddal, framtíðarfrömuður

#### Markaðssetning matvæla – hvert stefna íslensk fyrirtæki?

Guðný Káradóttir, forstöðumaður matvæla, sjávarútvegs og landbúnaðar hjá Íslandsstofu

#### Leyndarmál íslenska þorskins

Guðmundur H. Gunnarsson, nýsköpunarstjóri - Skinney Þinganes

#### Meira fé fyrir sauðfjárafurðir

Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda

#### Reynslusögur úr ýmsum áttum - nýjar leiðir í markaðssetningu matvæla

Veitingastaðurinn Matur og drykkur - Gísli Matthías Auðunsson

Björskóli Ölgerðarinnar - Jarprúður Ásmundsdóttir

Blámar - hafsjór af hollustu - Valdís Fjölfnisdóttir og Pálmi Jónsson

Eldum rétt - Kristófer Júlíus Leifsson

Vakandi - aðgerðir gegn matarsóun - Raket Garðarsdóttir

Ráðstefnustjóri er Hörður Kristinsson, rannsókn- og nýsköpunarstjóri hjá Matis

Aðgangur er ókeypis en nauðsynlegt er að skrá sig á [www.si.is](http://www.si.is)



Klósett fyrir alls konar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Salerni verði fyrir alla

**BANDARÍKIN** Stjórn Baracks Obama Bandaríkjaforseta sendi í gær frá sér stjórnvaldstilskipun um að skólum um allt land bæri að útvega transnemendum aðgang að salernum, búningsklefum og baðaðstöðu, sem hæfir kynvitund þeirra.

Þannig megi skólar til dæmis ekki meina nemendum aðgang að salerni þess kyns, sem þeir upplifa sem sitt kyn.

Í bréfi til skólaumdæma eru

jafnframt fyrirmæli um það hvað skólayfirvöldum beri að gera til að að koma í veg fyrir mismunun gegn transfólki sem fellur illa inn í hinn annars tvískipta heim kynjanna.

Þessi mál hafa verið hitamál í bandarískum stjórnáttum undanfarið þannig að fastlega má reikna með því að þessi ákvörðun Bandaríkstjórnar verði umdeild, ekki síst í kosningabaráttunni næstu mánuðina. -gb



# Touareg R-Line. Kemur þér lengra en þú ætlaðir.



Þú ekur áhyggjulaus um á nýjum Volkswagen Touareg. Hin öfluga V6 TDI vél á eftir að vekja sterk hughrif hjá þér og gera aksturinn ógleymanlegan. Leyfðu þér hámarksþægindi, ríkulegan öryggisbúnað og glæsilega hönnun. Leyfðu þér nýjan Touareg.

## Staðalbúnaður í VW Touareg R-Line V6 3.0 TDI

- |                               |                          |                                |                                    |
|-------------------------------|--------------------------|--------------------------------|------------------------------------|
| • R Line útlit                | • Silfurlitaðir þakbogar | • Minni í sætum og speglum     | • Íslenskt leiðsögukerfi           |
| • 19" felgur                  | • Hiti í stýri           | • Dráttarkrókur                | • Bakkmyndavél                     |
| • Lyklalaust aðgengi          | • Hiti í sætum           | • Rafmagnslokun á afturhlera   | • Nálgunarvarar að framan og aftan |
| • Svört toppklæðning að innan | • Vienna leðursæti       | • Margmiðlunartæki með 8" skjá |                                    |

Touareg R-line V6 3.0 TDI, verð frá:

**11.990.000 kr.**



Volkswagen





## AGS telur útgöngu úr ESB hafa slæmar afleiðingar

**BRETLAND** Christine Lagarde, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS), segir það hafa mjög slæmar afleiðingar kjósi Bretar að ganga úr Evrópusambandinu (ESB). Lagarde sagðist fyrir helgi ekki sjá neitt jákvætt við að Bretar yfirgefi ESB. Ein afleiðing útgöngu þeirra gæti orðið efnahagskreppa.

Orð Lagarde rima við það sem Mark Carney, bankastjóri Englandsbanka, sagði á fimmtudaginn. Hagsmunasamtökin Vote Leave, sem styðja útgöngu, sögðu í kjölfarið að AGS hefði skjátlást áður og að Lagarde hefði rangt fyrir sér nú, að því er segir í frétt BBC um málið.

Í skýrslu AGS um breska hagkerfið segir að útganga myndi hafa neikvæð og veruleg áhrif. Áður hefur stofnunin lýst því yfir að útganga myndi leiða til alvarlegs svæðis-



Christine Lagarde, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

bundins og alþjóðlegs tjóns.

Lagarde sagði það hlutverk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að meta áhættuna af afleiðingum kosninganna. Útganga úr ESB væri ekki sérmál Breta heldur snerti alþjóðaefnahagskerfið. Hún sagðist á síðustu sex mánuðum hafa verið spurð í hverju landi sem hún hefði komið til hverjar afleiðingar úrsagnar úr ESB yrðu. – **sg**



Fjöldmargir hafa kallað eftir réttarhöldum yfir Blair vegna þátttöku Bretlands í Íraksstríðinu. NORDICPHOTOS/AFP

### LÍFIÐ EFTIR HÁSKÓLANÁM

#### STAÐA UNGS HÁSKÓLAFÓLKIS Á VINNUMARKAÐI

MÁLÞING Á VEGUM BHM

19. maí 2016, kl. 10.00–12.00  
Rúgbrauðsgerðin, Borgartúni 6,  
Reykjavík, 4. hæð



#### Dagskrá

- 10:00** Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, setur málþingið
- 10:10** Katrín Ólafsdóttir, PhD í vinnumarkaðshagfræði og lektor við HR: „Fer staða háskólamenntaðra á vinnumarkaði versnandi?“
- 10:35** Ásgeir Jónsson, PhD í hagfræði og dósent við HÍ: „Ekkert pláss fyrir nýtt fólk?“
- 11:00** Viðhorf ungs háskólafélags: Anna Marsibil Clausen, bókmenntafræðingur og blaðamaður, og Halldór Stefánsson, BSc í verkfræði, lýsa væntingum sínum um framtíðina
- 11:30** Frummælendur svara spurningum fundarmanna í pallborði
- 11:55** Samantekt fundarstjóra
- 12:00** Dagskrárlök

Fundarstjóri er **Hrund Gunnsteinsdóttir**, frumkvöðull og stjórnarformaður Tækniþróunarsjóðs

Málþingið er **öllum opið** meðan húsrúm leyfir.

[www.facebook.com/events/1614834902169794/](http://www.facebook.com/events/1614834902169794/)

## Vill draga Blair fyrir dómstóla vegna Íraks

Þingmaður Skoska þjóðarflokksins leitar eftir stuðningi annarra stjórnmálaflokka við að draga Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, fyrir dómstóla vegna aðildar landsins að Íraksstríðinu. Blair hafi afvegaleitt þingið.

**BRETLAND** Alex Salmond, þingmaður Skoska þjóðarflokksins í breska þinginu og fyrrverandi fyrsti ráðherra Skotlands, leitar eftir stuðningi annarra stjórnmálaflokka í Bretlandi við að endurvekja tillögu um að draga Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra, fyrir dómstóla fyrir að hafa afvegaleitt þing og þjóð vegna innrásarinnar í Írak árið 2003.

Tilfnið er útgáfa Chilcot-skýrslunnar um hlutverk Bretlands í Íraksstríðinu. Skýrslan kemur út í júní og telur Salmond að þar megi finna sönnunargögn sem renni stoðum undir það sjónarmið að draga eigi Blair fyrir dómstóla.

Blair er sagður hafa afvegaleitt breska þingið og almenning í umræðum um stríðið, auk þess að hafa sett fram órökstuddar fullyrðingar um stríðið og gert leynilegt samkomulag við George W. Bush, þáverandi Bandaríkjaforseta, fyrir stríðið um að koma Saddam Hussein, þáverandi Íraksforseta, frá völdum.

Dómstólaleiðin sem Salmond kallar eftir er aldagömul og hefur ekki verið beitt frá árinu 1806. Með henni færi breska lávarðadeildin með hlutverk dómstóls. Yrði sú leið farin er Salmond samt sem

### Ísland og Íraksstríðið

Árið 2003 tóku Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, og Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, undir Azoreyjafirrlýsingu Bandaríkjaforseta, forsætisráðherra Bretlands og forsætisráðherra Spánar um aðgerðir gegn Írak.

Stuðningurinn var harðlega gagnrýndur hér á landi en mörgum þótti ámælisvert að ekki hefði verið haft samráð við utanríkisráðgjaf Alþingis í aðdraganda stuðningsins.

Í þingsköpum Alþingis segir: „Utanríkisráðgjaf skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkisráðgjaf enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt á þingtíma sem í þinghléum.“

Stjórnarandstaðan var öll á móti stuðningnum og árið 2006 lögðu stjórnarandstaðingar fram þingsályktunartillögu þess efnis að Ísland yrði tekið af lista yfir hinar viljugu þjóðir.

Min skoðun er sú að best væri að fara með málið fyrir Alþjóðastriðsglæpadómstólinn því að þar getur saksóknarinn sjálfur haft frumkvæði að aðgerðum byggðum á videigandi sönnunargögnum.

Alex Salmond, þingmaður Skoska þjóðarflokksins



áður þeirrar skoðunar að Alþjóðastriðsglæpadómstóllinn ætti einnig að taka málið upp.

„Mín skoðun er sú að best væri að fara með málið fyrir Alþjóðastriðsglæpadómstólinn því að þar getur saksóknarinn sjálfur haft frumkvæði að aðgerðum byggðum á videigandi sönnunargögnum sem ég tel að muni koma fram í Chilcot-skýrslunni,“ sagði Salmond í samtali við The Times.

Reynt hefur verið að fá réttað yfir Blair frá 2004 en það hefur enn engan árangur borið.

[stefanrafn@frettabladid.is](mailto:stefanrafn@frettabladid.is)

**LYFJA**  
– Lifið heil

**15% afsláttur**  
af 100g og 150g Voltaren Gel í maí

[www.lyfja.is](http://www.lyfja.is)

Fyrir þig  
í Lyfju



Lyfjaauglýsing











**Voltaren®**  
Gel





# NÚ EINGÖNGU Í HAGKAUP HOLTAGÖRÐUM

ALLT AÐ **80%**  
AFSLÁTTUR

 200	 3.000
 500	 4.000
 1.000	 5.000
 1.500	 6.000
 2.000	 8.000



## Teknir fyrir vopnasmygl

**SVÍPÞÓÐ** Sex hafa verið handteknir fyrir að hafa ætlað að smygla vopnum til Svíþjóðar. Fimm voru handteknir í Bosnía en einn í Svíþjóð. Allir hafa þeir viðurkennt áætlun sína. Tveggja manna, sem grunaðir eru um aðild að málinu, er leitað.

Við húsleit á sjö stöðum í Bosnía fannst mikið magn sjálfvirkra vopna og sprengja. Leitinn var liður í alþjóðlegri lögregluáðgerð sem kallast Wolf RS, að því er greint er frá á fréttavef Aftonbladet.

– ibs

## Hafna tilboðum sem borist hafa í Flóasiglingar

**SAMGÖNGUR** Tilraunaverkefni með farþegasiglingar milli Reykjavíkur og Akraness í sumar eru út af borðinu.

Að því er fram kemur í greinargerð sem Dagur B. Eggertsson borgarstjóri lagði fyrir borgarráð samrýmdust hugmyndir þeirra sem sendu inn tilboð ekki útboðsauglýsingunni þar sem tilboðsgjafarnir horfðu til lengra samningstímabils en aðeins eins sumars.

Borgarráð hafnaði því tilboðunum en samþykkti jafnframt að útboðsskilmálar vegna Flóasiglinganna yrðu

» **Markmið verkefnisins var að kanna rekstrargrundvöll reglulegra bátsferða milli sveitarfélaganna.**

endurskoðaðir fyrir 15. ágúst í sumar.

Fram kemur í greinargerð Dags að 3. mars hafi verið auglýst eftir aðilum til viðræðna vegna tilraunaverkefnis um beinar siglingar ferju á milli Reykjavíkur og Akraness á tímabilinu maí til september 2016.

„Markmið tilraunaverkefnisins er að kanna rekstrargrundvöll

reglulegra bátsferða á milli sveitarfélaganna og var gert ráð fyrir því að rekstraraðili ferju myndi safna upplýsingum varðandi rekstrarþætti á framangreindu tímabili,“ er rakið í greinargerðinni.

Fram kemur að þrjár aðilar, Sæferðir ehf., Special Tours ehf. og Gunnar Leifur Stefánsson, hafi sótt um þátttöku. Sæferðir hafi sagt sig frá viðræðunum en Special Tours og Gunnar Leifur Stefánsson sent inn hugmyndir að tilraunaverkefninu.

Stefnt er að því auglýsa útboð að nýju vegna sumarsins 2017. – gar



Farþegasiglingar frá Akranesi lögðust af með opnun Hvalfjarðarganga 1998. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Þér er boðið Opinn fundur um Grænt bókhald ISAL

Apótek-salurinn, Hafnarborg, Hafnarfirði  
á morgun, miðvikudaginn 18. maí, kl. 17:00.

Hið árvissa Græna bókhald ISAL er komið út og hefur að geyma upplýsingar um frammistöðu okkar í umhverfismálum á liðnu ári.

Skýrslan er aðgengileg á vef okkar, [www.riotintoalcan.is](http://www.riotintoalcan.is).

Við kynnum efni hennar á opnum fundi, þar sem einnig gefst tækifæri til að spyrja okkur um hvaðeina sem snertir starfsemi fyrirtækisins.

Verið hjartanlega velkomin.

Rio Tinto Alcan  
Straumsvík  
Pósthólf 244  
222 Hafnarfjörður

Sími 560 7000  
[www.riotintoalcan.is](http://www.riotintoalcan.is)

# Rio Tinto Alcan



Í nýrri doktorsrannsókn er skoðað félagslega ferlið sem fer af stað í litlum samfélögum þegar þar koma upp nauðgunarmál.

## Útskúfun bíður í litlum samfélögum

Brotapolar nauðgana í litlum samfélögum standa oft frammi fyrir því að þurfa að flytjast búferlum. Þeir sem harðast snúast gegn stúlkum sem orðið hafa fyrir nauðgun eru aðrar stúlkur í sömu sveit.

**SAMFÉLAG** Konur sem kæra nauðgun í litlum sveitarfélögum verða oft fyrir útskúfun úr samfélagi sínu þar sem bæjarfélagið snýst gegn þeim. Þetta er niðurstaða rannsóknar Guðrúnar Katrínar Jóhannesdóttur á því félagslega ferli sem fer af stað þegar nauðgun er kærð í litlu bæjarfélagi á Íslandi.

„Niðurstöður mínar sýna að konunum sem kærðu nauðgun, í sveitarfélögum sem þær ólust upp í, var refsað af samfélaginu með útskúfun og eða líkamlegu ofbeldi. Þær þurftu þá að takast á við annað áfall eftir nauðgunina sem er þessi útskúfun úr því samfélagi sem þær þekktu,“ segir Guðrún Katrín. „Einnig vekur mikla athygli að einna virkustu aðilarnir í að refsa konunum sem ég ræddi við voru aðrar stúlkur. Á endanum þurftu þær að flytja úr því samfélagi sem þær þekktu.“

Rannsókn Guðrúnar Katrínar byggði á viðtölum við brotapola nauðgana á tíunda áratug síðustu aldar. Hún vonast eftir að geta fundið nýrri dæmi og útvíkkað rannsókn sína. „Markmið mitt

Niðurstöður mínar sýna að konunum sem kærðu nauðgun, í sveitarfélögum sem þær ólust upp í, var refsað af samfélaginu með útskúfun og eða líkamlegu ofbeldi.

Guðrún Katrín  
Jóhannesdóttir



núna er að tala við fleiri brotapola í þeim tilgangi að skoða hvort þetta hafi breyst. Hvernig lítill sveitarfélög taka á málinu nú og hvort einhver markverð breyting hafi átt sér stað,“ segir Guðrún Katrín. [sveinn@frettabladid.is](mailto:sveinn@frettabladid.is)





Innovation  
that excites

Zero Emission

# NÝ 30 KWH RAFHLAÐA. 250 KM DRÆGNI. KLÁRT.



Nú færðu nýjan Nissan Leaf með stærri rafhlöðu og meiri drægni en nokkur annar bíll í þessum stærðarflokki. Komdu og reynsluaktu þessum vinsæla rafbíl og kynnstu af eigin raun hvers vegna Nissan Leaf er mest seldi rafbíll í heimi.

**NISSAN LEAF ACENTA 30kWh**

**Verð: 4.290.000 kr.**

**100% RAFKNÚINN NISSAN LEAF.  
RAFBÍLL ER FRAMTÍÐIN**

[ 30 kWh ]  
← 250 km\* →

[ 24 kWh ]  
← 199 km\* →

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





# Aðskilnað strax



Þorbjörn  
Þórðarson  
thorbjorn@frettabladid.is

Það er ekki forsvaranlegt að stóru viðskipta-bankarnir geti stundað fjárfestingarstarfsemi fyrir eigin reikning á sama tíma og þeir taka við innlánunum frá almenningi. Þess vegna þarf Alþingi að setja lög um aðskilnað viðskiptabanka og fjárfestingar-banka áður en ríkissjóður selur hlut sinn í bönkunum. Á bak við tillöguna um aðskilnað býr sú skoðun að vanda sem bankarnir lentu í megi að hluta rekja til þess að stjórnendur og eigendur þeirra hafi notað umráðafé bankanna, ekki síst innlán, til að stunda áhættufjárfestingar og spákaupmennsku. Fjárfestingarbankastarfsemi hafi þannig notið góðs af innstæðutryggingum sem áttu að verja hagsmunum almennings ásamt óbeinni ríkisábyrgð á bönkunum sem voru taldir of mikilvægir til að komast í þrot. Þetta kemur fram í *Framtíðarskipan fjármálakerfisins*, skýrslu þáverandi efnahags- og viðskiptaráðherra til Alþingis frá mars 2012. Vandamálið við þennan aðskilnað í framkvæmd lýtur að því hvornig eigi að orða slíka bannreglu í lögum.

*The Independent Commission on Banking*, nefnd Sir John Vickers, lagði til í skýrslu í september 2011 að hannað yrði sérstakt skipulag til að greina að fjárfestingarbankastarfsemi og venjulega viðskiptabankastarfsemi með girðingum (e. ringfencing) innan sömu samstæðu í Bretlandi. Nefndin taldi þetta fullnægjandi leið til að ná markmiðum aðskilnaðar án þess að leggja til fullan aðskilnað.

Liikanen-nefndin, sem framkvæmdastjórn ESB setti á laggirnar undir forystu Erkki Liikanen, seðlabankastjóra Finnlands, var á svipuðum slóðum í niðurstöðum sinnar skýrslu sem kom út í október 2012. Þar er lagt til að bankar sinni fjárfestingum fyrir eigin reikning í öðru félagi með sjálfstæða kennitölu innan sömu samstæðu ef eigin viðskipti eru stór hluti af starfsemi viðkomandi banka. Þetta fæli í sér að fjárfestingarstarfsemi yfir tilteknum þröskuldum yrði í sérstöku félagi og aðskilin frá þeirri starfsemi bankans sem tæki við innlánunum frá sparifjäreigendum. Afleiðingin af þessu yrði sú að innlán og tryggingin sem fylgir þeim myndi ekki lengur styðja við áhættusamar fjárfestingar. Þetta fæli jafnframt í sér að ekki yrði röskun á viðskiptamódeli fjármálafyrirtækja í Evrópu þar sem aðskilnaðurinn yrði bara innan sömu samstæðu fyrirtækja. Bankar gætu áfram boðið viðskiptavinum sínum upp á fjölbreytt úrval fjármálaþjónustu.

Sparifjäreigendur eiga að geta treyst því að innlán þeirra séu öruggari en önnur fjármögnun bankans sem þeir stunda viðskipti við. Afar mikilvægt er að tryggja aðskilnað fjárfestingarbanka og viðskiptabanka í einhverri mynd áður en ríkissjóður selur hlut sinn í bönkunum. Síðasta haust lagði Ögmundur Jónasson ásamt sjö öðrum þingmönnum fram tillögu til þingsályktunar um að fela fjármála- og efnahagsráðherra að útbúa lagafrumvarp sem tryggi þennan aðskilnað til þess að „lágmarka áhættu þjóðarþúsins vegna bankareksturs og minnka líkur á tjóni almennings af völdum áfalla í bankastarfsemi.“ Þetta er skynsamleg tillaga og heppilegast væri ef Alþingi samþykkti hana. Hún hefur hins vegar aldrei komist á dagskrá þingsins.



**Afar mikilvægt er að tryggja aðskilnað fjárfestingarbanka og viðskiptabanka í einhverri mynd áður en ríkissjóður selur hlut sinn í bönkunum.**

## Halldór



## Frá degi til dags

**Davíð á afslætti**  
Davíð Oddsson forsetaframbjóðandi kann eftir áratugareynslu af stjórnáttum öll trixin í kosningahandbókinni. Viðtal við hann í Eyjuni á sunnudaginn vakti heldur betur athygli þar sem Davíð lýsti því yfir að yrði hann kjörinn forseti myndi hann ekki þiggja laun forseta. Nú fagna þeir sem vilja lágmarka útgjöld ríkissjóðs um heilu 0,004 prósentin sem Davíð mun spara ríkissjóði. Gárungarnir gantast nú með það að tími sé kominn til að Davíð fari að gefa eitthvað til baka, enda hafi hann kostað okkur svo mikið nú þegar.

**Endurvinnslan**  
Davíð hlýtur að hafa slegið nokkrar keilur með þessu útspili sínu en fjölmargir kjósendur lýstu þeirri skoðun sinni að þeir vildu sjá Ólaf Ragnar áfram sem forseta til að spara ríkissjóði lifeyrisgreiðslur hans. Ef útspil Davíðs mælist vel fyrir mætti ganga skrefinu lengra og tryggja stjórnáttum á eftirlaunum launalaus störf innan stjórnsýslunnar. Undir handleiðslu Davíðs gætu þeir Jón Baldvin, Svavar Gestsson og Þorsteinn Pálsson leitt saman hesta sína fyrir næstu kosningar. Slíkt framboð ætti að mælast vel fyrir hjá bæði hægri mönnum og vinstri þar sem tvö hugdar-efni þeirra eru þarna sameinuð: endurvinnsla og opinber sparnaður. stefanraf@frettabladid.is

## Heimilisláusir námsmenn af landsbyggðinni



Lilja Rannveig  
Sigurgeirsdóttir  
landsbyggðar-  
nemi á lokaári í  
Verzlunarskóla  
Íslands

S töðug umræða er um húsnæðisvandamál stúdenta og barnafjölskyldna, enda er staða þeirra grafalvarleg. En á sama tíma er annar hópur í stöðugri húsnæðisleit en er hvergi í forgangi. Þetta er ungt fólk sem flytur af landsbyggðinni til að stunda nám í einhverjum af þrettán framhaldsskólum höfuðborgarsvæðisins. Á höfuðborgarsvæðinu er mesta fjölbreytni landsins í náms- og vinnuframbóði og því vel skiljanlegt að unglingar leiti þangað til að fara í framhaldsskóla.

Að byrja í framhaldsskóla er mikil breyting. Breytingin er enn meiri fyrir þá sem neyðast til þess að flytja frá fjölskyldu sinni til að stunda það nám sem þeir vilja. Sem betur fer eru heimavistir og nemendagarðar um allt land þar sem nemendur geta búið sér til heimili út skólagönguna. Nema það er ekki í boði á höfuðborgarsvæðinu. Allar lausnir á húsnæðisvanda ungs fólks beinast að barnafólki og háskólaþingi. Það þýðir að ef ungmenni vill stunda nám á höfuðborgarsvæðinu þá eru miklar líkur á því að húsnæðisvandamál hefjist á sextánda aldursári. Sumir eru þó heppnir. Ættingjar eða vinafólk gætu boðist til að hýsa nemann út skólagönguna. Svo er bara að krossa fingur um að sambúðin verði góð en það er ekki sjálfgefið. Þeir sem geta ekki leitað til ættingja verða að leigja á almennum markaði. Sú staða er algengust. Dæmi eru um einstaklinga sem leggja ekki í þessar aðstæður og þurfa því að hætta við að stunda nám á höfuðborgarsvæðinu.

Því tel ég að heimavist á höfuðborgarsvæðinu sé skref í rétta átt til að beturbæta stöðu aðfluttra framhaldsskólanema. Á Íslandi eru 12 heimavistir fyrir framhaldsskólanema en engin þeirra er á höfuðborgarsvæðinu.

Nemandi á höfuðborgarsvæðinu á betri möguleika á því að stunda nám hvar sem er á landinu heldur en nemandi af landsbyggðinni að stunda nám á höfuðborgarsvæðinu. Nemendur á Íslandi hafa rétt á því að stunda nám þar sem þeir vilja á grundvelli jafnréttis-laga.

Ég skora á stjórnvöld að leysa þennan vanda.



**Allar lausnir á húsnæðisvanda ungs fólks beinast að barnafólki og háskólaþingi.**

**SÉRHÆFUM OKKUR Í ÞRIFUM FYRIR HÚSFÉLÖG**

**VÖNDUÐ VINNUBRÖGD**

Húsfélagþjónustan ehf.  
Sími 555-6855  
www.husfelag.is • husfelag@husfelag.is



# Nýr flokkur á gömlum grunni



**Gunnlaugur Stefánsson,**  
fv. alþingismaður

Árið 1978 bauð Alþýðuflokkurinn fram til alþingiskosninga undir kjörorðinu „Nýr flokkur á gömlum grunni“. Flokkurinn uppskar 22% fylgi og sinn stærsta kosningasigur með 14 þingmönnum. Ég var yngstur þingmanna flokksins, nýlega orðinn 26 ára gamall. Miklir umbrotatímar voru þá í stjórnmalunum í umhverfi óðaverðbólgu sem geislað hafði frá því að Viðreisnarstjórnin lauk störfum árið 1971. Í kosningunum árið 1978 kynnti Alþýðuflokkurinn framsækna umbótastefnu, sem braut í blað stjórnmalabaráttunnar, og lagði drjúgt af mörkum svo böndum varð síðar komið á óðaverðbólgu og velferðin í landinu eflist.

Þetta rifja ég hér upp að gefnu til efni. Nú á Samfylkingin við vanda að etja af líkum toga og Alþýðuflokkurinn átti í kjölfar alþingiskosninga 1974, þegar flokkurinn var nálægt því að þurrkast út af Alþingi, hlaut 9% atkvæða og einn kjörinn þingmann, en honum fylgdu svo fjórir uppþótarþingmenn. Engum flokksmanni kom þá til hugar að gefast upp og efast um hlutverk Alþýðuflokksins sem bar ábyrgð á hugsjón jafnaðarstefnunnar í landinu. Þá var máttlaus helmingaskiptastjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks við völd, djúpstæð spilling í þjóðlífinu sem nærðist í skjóli verðbólgu og lokaðrar stjórnsýslu. Framsækin barátta Vilmundar heitins Gylfasonar, sem stóð svo í fylkingarbrjósti í kosningabaráttu Alþýðuflokksins árið 1978, fyllti flokksfólkið eldmóði. En úrslitum réð, að Alþýðuflokkurinn kannaðist við fortíð sína og byggði róttækan málflutning sinn og baráttu á gömlum grunni, stóð traustan vörð um sögu sína og verk; og þrátt fyrir harða aðför andstæðinga flokksins að þeirri sögu og verkum.

## Afskræma sögu flokksins

Nú keppast nokkrir forystumenn Samfylkingarinnar við að afneita eða afskræma sögu flokksins, upphefja meint „mistök“ með stóryrdum og biðja kjósendur afsökunar á tilveru sinni. Tæpast getur flokkur, sem þannig hagar málflutningi sínum, notið trausts hjá þjóðinni. Flokkur er meira en bandalag frambjóðenda sem eru að sækja um atvinnu. Flokkur er fólk, fjöldahreyfing, sem á sameiginlega hugsjón og þráir að sjá árangur í verki á lýðræðislegum grunni. Þingmenn flokksins eru því þjónar fólksins um að koma verkum hugsjóna til framkvæmda.

Samfylkingin var stofnuð af öflugum stjórnmalahreyfingum sem áttu sér sameiginlega hugsjón um jöfnuð, réttlæti og almenna velferð á grunni jafnaðarstefnunnar. Frá stofnun hefur flokkurinn gegnt stóru hlutverki í stjórnmalunum. Samfylkingin var í forystu ríkisstjórnar, þegar þjóðin háði í raun baráttu um efnahagslegt sjálfstæði sitt í kjölfar á Hruni sem leitt gat til þjóðargjaldþrots. Engum gat til hugar komið á haustdögum árið 2008, að við yrðum komin til þeirrar farsældar sem við njótum í dag. Þar skipti öllu máli, að ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna tók á málum af festu og ábyrgð við afar erfiðar aðstæður og skilaði þjóðarbúinu, svo til heilla horfði. Þetta á sagnfræðin síðar eftir að staðfesta rækilega hér á landi, þó það sé fyrir löngu skráð í bækur í útlöndum.

## Kosið um leiðtoga

Í formannskjöri innan Samfylkingarinnar á ekki að kjósa um það hvernig

leggja eigi flokkinn niður eða hlaupa undir sæng með einhverju flokksbroti. Þvert á móti er kosið um leiðtoga, sem kannast við flokkinn, sögu hans og árangur, og hefur burði til að sækja fram í flokki til sigurs.

Ef Samfylkingin ætlar að rækta traust með þjóðinni, þá verður það ekki gert öðruvísi en að þekkja sögu sína og uppskeru verkanna til heilla fyrir þjóðina. Og þar er af nógu að taka. Af þeim sjónarhóli er horft til framtíðar þar sem framsækni og baráttugleði mótast. Ef Samfylkingunni auðnast þetta ekki, þá liggur Alþýðuflokkurinn í dvala og nærtækt að vekja hann til verka. Jafnaðarmenn gáfust ekki upp, þó oft hafi blásið á móti og gera ekki enn. Öflugur jafnaðarmannaflokkur er ekki aðeins brýn nauðsyn fyrir velferðina í landinu, heldur kjölfestan.



**Arni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar, í ræðustól á landsfundi flokksins á síðasta ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Í formannskjöri innan Samfylkingarinnar á ekki að kjósa um það hvernig leggja eigi flokkinn niður eða hlaupa undir sæng með einhverju flokksbroti. Þvert á móti er kosið um leiðtoga, sem kannast við flokkinn, sögu hans og árangur, og hefur burði til að sækja fram í flokki til sigurs.

## Gæði og glæsileiki

endalaust úrval af hágæða flisum



Finndu okkur  
á facebook

**Flísabúðin**

Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is





Laufey Ásta Guðmundsdóttir og Anna Úrsúla Guðmundsdóttir lyfta Íslandsbikarinn fyrir Gróttu í Garðabænum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

**Nýjast**

**Enska úrvalsdeildin**

WBA	1-1	Liverpool
Watford	2-2	Sunderland
Chelsea	1-1	Leicester
Newcastle	5-1	Tottenham
Stoke	2-1	West Ham
Southampton	4-1	Crystal Palace
Everton	3-0	Norwich
Arsenal	4-0	Aston Villa
Swansea	1-1	Man. City

Efst	Neðst		
Leicester	81	Bournem.	42
Arsenal	71	Sunderland	39
Tottenham	70	Newcastle	37
Man. City	66	Norwich	34
Southampt.	63	Aston Villa	17

**Olísdeild kvenna, lokaúrslit**

**Stjarnan - Gróttu 23-28**

**Mörk Stjörnunnar:** Hanna Guðrún Stefánsdóttir 5/5, Sólveig Kjærnested, Esther Ragnarsdóttir 3, Rakel Dögg Bragadóttir 3, Helena Rut Örvarsdóttir 3, Guðrún Bjarnadóttir 1, Stefania Theodórsdóttir 1, Sandra Rakocovic 1, Þórhildur Gunnarsdóttir 1, Nataly Sæunn Valencia 1. **Varin skot:** Íris Björk Simonardóttir 13 (35/4, 37%).

**Mörk Grótt:** Lovisa Thompson 8, Þórey Ásgeirsdóttir 6, Laufey Guðmundsdóttir 4, Anna Ú. Guðmundsdóttir 4, Arndís Erlingsdóttir 2, Anna Stefánsdóttir 1, Unnur Ómarsdóttir 1, Eva M Kristinsdóttir 1, Sunna María Einarsdóttir 1/1. **Varin skot:** Heiða Ingólfsdóttir 11 (31/1, 35%).

**Gróttu vann einvigið, 3-1.**

**Olísdeild karla, lokaúrslit**

**Afturelding - Haukar 29-30**

**Mörk UMFA:** Mikk Pinnonen 10, Árni Eyjólfsson 6/1, Jóhann G Einarsson 4/3, Þrándur Gislasón 2, Pétur Júníusson 2, Birkir Benediktsson 2, Davíð Hlíðdal Svansson, Kristinn Bjarkason 1, Gunnar Þórssón 1.

**Varin skot:** Davíð Hlíðdal Svansson 23/1 (52/3, 44%).

**Mörk Hauka:** Jón Þ. Jóhannsson 5, Elías Már Halldórsson 5, Adam Baumruk 5, Hákon Styrmisson 5/3, Heimir Óli Heimisson 3, Brynjólfur Brynjólfsson 3, Janus D Smárasón 3, Egill Eiríksson 1. **Varin skot:** Grétar Ari Guðjónsson 25/3 (50/6, 50%).

**Staðan í einviginu er 2-2.**

**Pepsi-deild karla**

**Fylkir - ÍBV 3-0**

1-0 Mikkel Maigaard (3.), 2-0 Sindri Magnússon (8.), 3-0 Sigurður G. Benónýsson (86.).

Eyjarnir unnu sinn fyrsta útisigur í deildinni en Fylkir er enn án stiga eftir fjórar umferðir.

**FH - Fjölnir 2-0**

1-0 Viðar Ari Jónson (3., sjálfsmark.), 2-0 Steven Lennon (54.)

FH hafði ekki tapað tveimur leikjum í röð í sex ár og byrjaði ekki á því í gærkvöldi gegn Fjölni.

**Vikingur Ó. - ÍA 3-0**

1-0 William da Silva (6.), 2-0 Hrvoje Tokic (38.), 3-0 Aleix Egea (83.).

Nýliðar Ólsara eru á toppnum í deildinni eftir fjórar umferðir og héldu hreinu í fyrsta sinn.

Efri hluti	Neðri hluti		
Vikingur Ó.	10	KR	5
Stjarnan	9	Valur	3
FH	9	ÍA	3
ÍBV	7	Vikingur	1
Breiðablik	6	Þróttur	1
Fjölnir	6	Fylkir	0

**Í dag**

- 18.40 Hull - Derby** Sport2
- 19.30 KR - Stjarnan** Sport
- 22.00 Pepsi-mörkin** Sport
- 19.15 Vikingur - Valur** Víkin
- 19.15 Þróttur - Breiðablik** Þróttarv.
- 20.00 KR - Stjarnan** Alvogenv.

# Toppuðu á réttum tíma

Gróttu varð Íslandsmeistaratitillinn í Olís-deild kvenna í handbolta en liðið lagði Stjörnuna 3-1.

**HANDBOLTI** Gróttu varð á sunnudaginn Íslandsmeistari kvenna í handbolta annað árið í röð og í annað sinn í sögu félagsins. Gróttu varð af tækifæri til að sópa úrslitakeppnina þegar liðið tapaði þriðja leiknum á heimavelli gegn Stjörnunni fyrir helgi en stúlkurnar af Seltjarnarnesi komu gríðarlega ákveðnar til leiks í Mýrinni og gengu frá einviginu með stæl, 28-23, og samanlagt 3-1.

Veturinn olli Gróttu framan af nokkrum vonbrigðum en liðið ætlaði sér að sjálfsgöðu alla titlana eftir að hafa orðið deildar-, bikar- og Íslandsmeistari á síðasta tímabili. Liðið missti af deildarmeistaratitlinum til Hauka og tapaði í bikarúrslitum gegn Stjörnunni. En í úrslitakeppninni var það Gróttu sem bar höfuð og herðar yfir andstæðinga sína og sýndi að það er besta liðið á Íslandi í dag. Um það er ekki deilt.

**Ung og eldri**

Í sterkri liðsheild Gróttu voru tveir leikmenn sem báru af; reynsluboltinn í markinu, Íris Björk Simonardóttir, og 16 ára undrið sem er Lovisa Thompson. Gróttuliðið er auðvitað vel mannað og varnarleikurinn gríðarlega sterkur en þessar tvær stigu upp þegar þess virkilega þurfti. Íris varð að meðaltali 50 prósent skotanna sem hún fékk á sig í einviginu, þar af 61 prósent í fjórða leiknum þar sem liðið tryggði sér titilinn. Íris var hreint mögnuð í rimmunni og gat fagnað í leiklok.

En meira að segja hún gat ekki annað en talað um Lovisu Thompson sem skoraði 24 mörk í lokaúrslitunum eða sex mörk að meðaltali í leik. Lovisa skoraði 10 mörk í fyrstu tveimur leikjunum og var með 50

prósent skotnýtingu en þegar beðið var um að lykilmenn Gróttu myndu taka af skarið í sóknarleiknum var það hin 16 ára Lovisa sem gerði það.

Hún skoraði 14 mörk í seinni tveimur leikjunum og bætti skotnýtinguna í 61 prósent. Lovisa skoraði átta mörk í ellefu skotum í fjórða leiknum og var algjörlega mögnuð.

„Ég verð að minnast á hana Lovisu Thompson. Hún er eitthvert undrabarn. Hún er búin að vera mögnuð og það gleymist oft að hún er á fyrsta ári í menntaskóla. Ég dáist að því hvernig hún stígur upp. Hún er eins og gull fyrir okkur í þessari úrslitakeppni,“ sagði Íris Björk um Lovisu eftir leik en sú unga var sami töffarinn og alltaf.

„Það er ekkert annað í stöðunni. Það þarf að sækja á markið og þeir skora sem þora,“ sagði Lovisa við Fréttablaðið eftir leik.

**Árlegur viðburður**

Kári Garðarsson er að stimpla sig inn sem einn af bestu þjálfurum landsins, en árangur hans með Gróttuliðið undanfarin tvö tímabil er eftirtæktarverður. Hann hefur fengið til sín frábæra leikmenn en fengið þá til að spila sem eina heild og byggir á virkilega sterkum varnarleik.

„Er þetta ekki bara árlegur viðburður í maí? Titill á loft hjá Gróttu í TM höllinni,“ sagði Kári hress í leiklok en þarna fagnaði Gróttu líka titlinum í fyrra. „Ef við hefðum farið í oddaleik hefði ég verið ein taugahruga á mánudag og þriðjudag. Ég er rosalega feginn að vera búinn og geta fagnað í kvöld og notið stundarinnar,“ sagði Kári Garðarsson. [tomas@365.is](mailto:tomas@365.is)

**Pepsimörk kvenna 2016**

**SPORT** Helena Ólafsdóttir og fótboldasérfræðingar Stöð 2 Sport fara yfir umferðina í Pepsideild kvenna **Ekki missa af þessum þætti.**



# JEPPA ÚTSALA

Kauptu notaðan jeppa fyrir sumarið

Staðfestu kaup fyrir 21. maí 2016 og þú færð dráttarkrók í kaupbæti

Komdu núna



Verð: 3.890.000 kr.

**Útsöluverð: 3.490.000 kr.**

**Ford Kuga Titanium AWD** GBD01  
Skráður júní 2014, 2,0TDCi dísil, beinskiptur. Ekinn 101.000 km.

Verð: 4.450.000 kr.

**Útsöluverð: 3.990.000 kr.**

**Ford Kuga Titanium AWD** VKD69  
Skráður júlí 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur. Ekinn 75.000 km.

Verð: 4.690.000 kr.

**Útsöluverð: 4.290.000 kr.**

**Ford Kuga Titanium AWD** RDP66  
Skráður febrúar 2015, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur. Ekinn 81.000 km. Í ábyrgð.



Verð: 4.950.000 kr.

**Útsöluverð: 4.350.000 kr.**

**Mazda CX-5 Vision** JUZ55 (Ath. lakkskemmdir)  
Skráður febrúar 2015, 2,2 SKYACTIV dísil, sjálfskiptur. Ekinn: 80.000 km. Í ábyrgð.



Verð: 3.090.000 kr.

**Útsöluverð: 2.690.000 kr.**

**Ford Kuga Titanium S AWD** FAJ42  
Skráður apríl 2013, 2,0TDCi dísil, beinskiptur. Ekinn 105.000 km.



Verð: 6.690.000 kr.

**Útsöluverð: 6.250.000 kr.**

**Ford Explorer Limited** PRK57  
Skráður september 2011, 3,5i bensín, sjálfskiptur. Ekinn 71.500 km.



Verð: 4.190.000 kr.

**Útsöluverð: 3.790.000 kr.**

**Ford Kuga Titanium AWD** OEB80  
Skráður desember 2013, 1,6i bensín, sjálfskiptur. Ekinn 109.000 km.



Verð: 3.950.000 kr.

**Útsöluverð: 3.490.000 kr.**

**Suzuki Grand Vitara** ZRJ19  
Skráður febrúar 2013, 2,4i bensín, beinskiptur. Ekinn 63.000 km.



Verð: 8.490.000 kr.

**Útsöluverð: 7.790.000 kr.**

**Toyota Land Cruiser 200 VX** ERU84  
Skráður september 2010, 5,7i bensín, sjálfskiptur. Ekinn: 130.000 km.



Verð: 3.290.000 kr.

**Útsöluverð: 2.690.000 kr.**

**Volkswagen Touareg** MY231  
Skráður apríl 2007, 4,2i bensín, sjálfskiptur. Ekinn: 149.000 km.



Verð: 7.190.000 kr.

**Útsöluverð: 6.690.000 kr.**

**Hyundai Santa Fe II Premium** BOL38  
Skráður apríl 2014, 2,2TDCi dísil, sjálfskiptur. Ekinn 43.000 km.



Verð: 3.990.000 kr.

**Útsöluverð: 3.690.000 kr.**

**Nissan Qashqai SE** VTV81  
Skráður maí 2013, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur. Ekinn: 77.000 km.



Verð: 2.690.000 kr.

**Útsöluverð: 1.990.000 kr.**

**Nissan X-trail LE** THT62  
Skráður júlí 2008, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur. Ekinn 148.000 km.

► Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí ► Hagstætt uppítökuverð ► Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

NOTADIR.BRIMBORG.IS

FYLGSTU MED Á FACEBOOK  
Notaðir bílar - Brimborg

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7030  
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040  
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

brimborg

Öruggur staður til að vera á



# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir 17. maí

**1724** Mývatnseldar hefjast og standa með hléum í fimm ár. Gígurinn Viti í Kröflu verður til.

**1846** Adolphe Sax fær einkaleyfi fyrir uppfinningu sína, saxófóninn.

**1920** Hollenska flugfélagið KLM er stofnað.

**1940** Breskir hermenn koma til Akureyrar með varðskipinu Ægi.

**1973** Yfirheyrslur vegna Watergate-hneykslisins hefjast.

**1978** Líkkista Charlie Chaplin finnst á ný eftir að biræfningu grafarræningi krafðist lausnargjalds fyrir hana.

**1990** Mikhail Gorbatsjov hittir Kazimiera Prunskiene, forsætisráðherra Litháens, á sögulegum fundi.

**1998** Kristján Helgason verður Evrópumeistari í snóker á móti í Finnlandi.



Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma

**Birgit Helland**

lést á Landspítalanum laugardaginn 7. maí. Útför hennar fer fram frá Seltjarnarneskirkju fimmtudaginn 19. maí kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Ljósið.

**Hreinn Frimannsson**  
**Finnur Hreinsson**  
**Knútur Hreinsson**  
**Frimann Hreinsson**  
**Dagný Hreinsdóttir**

**Kristín H.B. Einarsdóttir**

**Úlfar Þór Björnsson**  
og barnabörn.




**Ísleifur Jónsson**  
Útfararstjóri  
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**  
Útfararþjónusta  
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA  
**ÚFR**  
REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík  
Sími 553 5353 og 821 5353  
www.usr.is  
isleifur@usr.is

Þjónusta allan sólarhringinn

Aratuga reynsla við útfararþjónustu

Víð andlát  
ástvinar  
Nargætu,  
hlíja  
og virðing



*Víð erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda*

**Hugrún Jónsdóttir**

## Útfarar- og lögfræðipjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.



**Útfararstofa kirkjugarðanna**

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is



Nanna Ýr Arnardóttir ver doktorsritgerð sína í heilbrigðisvísindum í dag. Hún hefur stundað námið frá Gautaborg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Tæplega þrjátíu ára námsferli lokið

Nanna Ýr Arnardóttir ver doktorsritgerð sína í dag. Rannsókuð voru tengsl hreyfingar og heilsu eldri karla og kvenna. Eldra fólk eyðir um 75 prósentum af deginum í kyrrsetu.

Nanna Ýr Arnardóttir ver doktorsritgerð sína í heilbrigðisvísindum við Háskóla Íslands í dag. Ritgerð hennar ber heitið Tengsl hreyfingar og heilsu – Þýðisrannsókn á eldri körlum og konum á Íslandi.

Nanna Ýr er fædd árið 1982 og hefur verið nánast linnulaust í námi frá því hún var sex ára gömul. „Þetta er búin að vera mikil törn, en ég tók mér nú ár í fri eftir að ég kláraði menntaskóla og svo kenndi ég í eitt ár eftir að ég kláraði meistaranámið, áður en ég byrjaði í doktorsnáminu,“ segir Nanna Ýr.

„Eftir að ég kláraði masterinn og var að kenna í lífeðlisfræðinni þá bauðst mér að koma að vinna hjá Hjartavernd og safna þar gögnum um eldra fólk sem tók þátt í öldrunarrannsókninni. Eftir þetta kviknaði áhuginn hjá mér og sérstaklega vegna

þess að í rannsókninni erum við með fólk með mjög háan meðalaldur miðað við aðrar rannsóknir gerðar hafa verið.“

Megintilgangur rannsóknarinnar var að auka þekkingu á því hvernig hreyfing, kyrrseta og svefn tengjast heilsu eldra fólks á Íslandi. Hreyfing þátttakenda var mæld með hreyfímælum. „Hreyfirannsóknir hafa ekki verið gerðar áður á svona gömlu fólki, ekki nema þá með spurningalistum. Í rannsókninni erum við með meðalaldur um 80 ár,“ segir hún.

Aðalníðurstöðu rannsóknarinnar segir hún vera hversu lítið gamalt fólk hreyfir sig. „Þau eru að eyða 75 prósentum af deginum, þar sem þau eru með mælinn á sér, í kyrrsetu og það er gríðarlega hátt hlutfall. Um 21 prósent dagsins fer í léttu hreyfingu, eins og að ná sér í kaffi og fleira. Einungis 3 til 4 prósent fara í

hreyfingu sem er meira en það,“ segir Nanna Ýr.

Nanna Ýr er búsett í Gautaborg ásamt fjölskyldu sinni og hefur unnið að ritgerðinni þaðan síðustu sex ár. Hún segir að það krefjist mikils sjálfsaga að vinna slíkt verkefni sjálfstætt en hún hefur verið á reglulegum fundum á Skype með leiðbeinanda sínum, dr. Þórarni Sveinsyni, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands.

Aðspurð að því hvað taki við hjá henni eftir þetta stóra verkefni grínast Nanna með að hún ætli aldrei aftur í skóla. „Eins og staðan er núna er ég að leita mér að vinnu í Gautaborg og er líka með augun opin hérna heima. Það er kannski ekki langt í að við komum heim, maður veit aldrei,“ segir Nanna Ýr.

thordis@frettabladid.is

ÞETTA GERDIST: 17. MAÍ 1954

## Kynþáttaaðskilnaður afnuminn

Þann 17. maí árið 1954 úrskurðaði hæstiréttur Bandaríkjanna að það stangaðist á við stjórnarskrá landsins að meina börnum aðgang að skólum landsins vegna kynþátta.

Málið var sótt fyrir hönd Lindu Brown, ungar stúlku af afrískum uppruna sem var meinaður aðgangur að hverfisskóla sínum vegna lítarháttar. Skólinn sem hún vildi fara í var rétt hjá heimili hennar og mun betri en næsti skóli fyrir blökkumenn sem var í klukkutíma göngufæri frá heimilinu.

Fram til þessa hafði úrskurður hæstaréttar frá 1896 um að aðskilja mætti fólk í almenningsfarartækjum eftir kynþætti, því kynþættirnar væru „aðskildir en jafnir“, verið notaður til að réttlæta aðskilnað á öllum mögulegum stöðum, meðal annars grunnskólum.

Úrskurður hæstaréttar kvað á um að aðskilnaður í skólum væri óréttlátur í eðli sínu og helst til þess fallinn að stuðla að lakari stöðu blökkufólks í samfélaginu. Ekki væri hægt að tala um að fólk væri aðskilið en jafnt í þessu samhengi.

Þessi úrskurður hafði mikil áhrif á mannréttindabaráttu blökkumanna í Bandaríkjunum og leiddi til þess að tæpum tveimur áratugum síðar var allur aðskilnaður vegna kynþátta bannaður þar í landi.



Þann 17. maí úrskurðaði hæstiréttur Bandaríkjanna að aðskilnaður í skólum vegna kynþátta væri óréttlátur í eðli sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



## SVEPPASÝKING OG SUNDFERÐIR

**Artasan kynnr** Topida Intimate Hygiene Spray er notað á svæði sem sýkt eru af sveppum eða þrusku og valda þirringi, særindum eða kláða. Uppistaðan eru náttúrulegar olíur og jurtir og er það án kemískra efna og parabena. Það má því nota eftir þörfum, hvar og hvenær sem er og er afskaplega þægilegt í notkun.

### AF HVERJU FÁUM VIÐ SVEPPASÝKINGAR?

Algengt er að sveppasýking sé af völdum svepps af tegundinni *Candida albicans* en hann er til staðar í flestum einstaklingum. Hann er einkum að finna í munni, meltingarfærum og leggöngum og sumir eru einnig með hann á húðinni. Þessi sveppur lifir á líkama okkar í jafnvægi við aðrar örverur eins og bakteríur og gerir okkur alla jafna ekkert mein. Ef eitt-hvað fer úrskaiðis í þessu jafnvægi getum við fengið sveppasýkingar einhvers staðar á líkamanum.

Sveppasýkingar af völdum candida eru algengastar í munni (þruska), leggöngum og vélinda en þær geta komið nánast hvar sem er og fjölmargir kljást við svona sýkingar á fótum og milli tánna.

### SVEPPASÝKINGAR VEGNA SÝKLALYFJANOTKUNAR

Mikil notkun breiðvirkra sýklalyfja eykur tíðni sveppasýkinga og einnig eru einstaklingar með skert ónæmiskerfi viðkvæmari fyrir þeim. Sýklalyfjameðferð getur breytt hlutfalli milli eðlilegu örveruflórunnar og annarrar með því að bæla niður vöxt baktería og eiga sveppasýkingar því auðveldara með að festa sig í sessi.

### SVEPPASÝKINGAR OG SUNDFERÐIR

Sennilega eru sveppasýkingar í leggöngum og kringum kynfærin einna algengastar hjá konum. Ef húðin er þrútin og aum og þú finnur stundum fyrir kláða, er sveppasýking líklega ástæðan. Ástæðurnar geta verið margvíslegar og oftast en ekki tengist það setu í heitum pottum eða sýklalyfjanotkun. Þá er gott að spreypja Topida á sýkta svæðið sem gerir það mjög þægilegt í notkun en nú þegar eru fjölmargar konur sem ganga með Topida-sprey í sundtöskunni sinni að staðaldri.

### ÞURRKUR Í LEGGÖNGUM

Helga Torfadóttir hefur verið að kljást við þurrk í slímhúðinni eftir að hafa gengið í gegnum erfiða krabbameinsmeðferð en hún hafði þetta að segja: „Ég get hiklaust mælt með Topida Intimate Hygiene Spray. Þetta er algjör snilld í úðaformi, sérstaklega vegna skjótrar virkni. Ég fann mun á mér um leið og ég hóf notkun og hefði viljað að þetta spreyp hefði verið komið fyrir á markað héraendis.“

### FÓTSVEPPIR

Topida frá Salcura hefur ekki síður reynst vel hjá íþróttafólki og öðrum sem kljást við fotsveppi. Þar sem það virkar róandi á húð, dregur úr bólgu, er sveppadrepandi og minnkar kláða, getur við-



Helga Torfadóttir upplifði þurrk í slímhúð eftir krabbameinsmeðferð. Hún fann mun á sér um leið og hún fór að nota Topida.



varandi notkun gert líkamanum kleift að byggja upp heilbrigða bakteríuflóru og jafna PH-gildið, sem kemur í veg fyrir að sveppurinn nái að fjölga sér á ný. Ólíkt kremum og öðru slíku er ekkert mál að spreypja Topida á

sýkta svæðið sem gerir það mjög þægilegt í notkun og þar sem um náttúrulega húðmeðferð er að ræða, má nota það eins oft og þurfa þykir.

### TOPIDA - NÁTTÚRULEG LAUSN FYRIR ALLA

Virku innihaldsefni í Topida-spreyinu eru: Hafþyrniolía (Sea Buckthorn), manukaolía og kanilolía – til að draga úr einkennum og svo eru hvítlauksolía, timjanolía og fennelolía til að viðhalda vörninni.

Topida inniheldur engin paraben, kortísón, alkóhól, sýklalyf né kemísk efni.

**Söluastaðir: Flest apótek og heilsubúðir.**

“Þetta er algjör snilld í úðaformi, sérstaklega vegna skjótrar virkni en ég fann mun á mér um leið og ég hóf notkun.

Helga Torfadóttir



3ja mánaða skammtur

Kollagen fyrir UNGLEGT og frísklegt útlit!

Eykur teygjanleika húðarinnar



Frábær tvenna fyrir konur

Kollagen er prótein sem líkaminn framleiðir m.a. til að viðhalda slítpoli og teygjanleika húðarinnar. Eftir 25 ára aldur fer kollagen framleiðslan minnkandi og þá byrja fínar línur og hrukkur að myndast í húðinni. Kollagen er einnig talið gott fyrir hár, neglur og liði.

## Kaupauki

Femergy er 100% náttúruleg orku-bomba fyrir konur. Inniheldur m.a. Maca, Siberian Ginseng, Ginkgo biloba og Grape Seed extract.



Útsöluastaðir: flest apótek, heilsubúðir og Fjarðarkaup





Guðmundur gefur keppanda ráð á móti í uppgjafaglímu.

## ANDHVERF AFREKSSTEFNA

Júðóþjálfari segir þá afreksstefnu sem ríkir í íþróttahæminum í dag gera það að verkum að ekki sé pláss fyrir öll börn í íþróttum. Hjá UMFN geta börn æft júdó frítt og markmiðið er ekki að allir verði meistarar.

Þegar mest var voru um 160 manns að æfa hjá okkur. Gegnumstreymið yfir árið er um 140 krakkar en það eru um það bil áttatíu til níutíu krakkar sem æfa reglulega stærstan hluta ársins.

Guðmundur Stefán Gunnarsson

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir**, solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir**, vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann**, atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage**, johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429

Hjá júdódeild UMFN í Njarðvík geta öll börn æft frítt. Þegar deildin var stofnuð haustið 2010 var að sögn Guðmundar Stefáns Gunnarssonar, stofnanda deildarinnar og þjálfara, lagt upp með að lækka kostnað við íþróttaiðkun barna. „Það er orðið svo dýrt að stunda íþróttir í dag. Þegar deildin var stofnuð var bærinn að afnema íþróttastyrkinn þannig að við ákváðum að hafa það alveg ókeypis fyrir börn að æfa. Þannig var það þar til styrkurinn kom aftur árið 2013 en þá voru sett æfingagjald hjá okkur upp á fimmtán þúsund krónur sem er jafnhátt styrknum. Með því að hafa þetta svona vonaðist ég til að æfingagjöld myndu lækka í öðrum íþróttagreinum en það hefur ekki gerst,“ útskýrir Guðmundur.

### SPRENGING Í FJÖLDA

Þegar deildin var stofnuð bjóst Guðmundur við að um tíu börn myndu mæta reglulega á æfingar en raunin varð önnur. „Það varð algjör sprenging, þegar mest var voru um 160 manns að æfa hjá okkur. Gegnumstreymið yfir árið er um 140 krakkar en það eru um það bil áttatíu til níutíu krakkar sem æfa reglulega. Ég hef frá byrjun lagt áherslu á að hafa æfingar fyrir bæði kynin og ætla ekki að gefast upp á því. Ég er með stelpuhópa á hverju ári sem fá jafngóða tíma og strákararnir. Auk þess geta allir æft saman, strákar og stelpur og börn og fullorðnir. Það geta allir verið saman en stelpurnar geta líka fengið að vera sér ef þær vilja.“

Guðmundur segir að hjá honum séu börn sem ekki fá íþróttastyrkinn ekki rúkuð um æfingagjöld. „Í flestum bæjarfélögum er styrkurinn bara upp í sextán ára en fyrir mér eru börnin börn alveg þar til þau verða átján ára og þurfa þau því ekki að borga fyrir en þá,“ segir



Það varð algjör sprenging í iðkendafjölda þegar júdódeildin tók til starfa, að sögn Guðmundar.

hann og bætir við að þó fái allir iðkendur sendan giróseðil upp á fimmtán þúsund krónur en ekki sé gengið eftir því að hann sé greiddur.

Spurður að því hvernig deildin standi þá undir sér segir Guðmundur að hún sé rekin með hjálp styrktaraðila. „Það hefur heldur ekki verið mikill kostnaður við þetta. Fyrstu þrjú árin voru til dæmis engin þjálfaralaun sem þurfti að greiða því ég var einn til að byrja með. Flestir þjálfararnir í dag myndu líka þjálfra án launa ef út í það færi en við fáum þjálfarastyrk frá bænum og svo fer allt sem er afgangur í að greiða þeim.“

### ÓSKILJANLEGUR VERÐMUNUR

Ástæðuna fyrir því af hverju hann sé í þessu segir Guðmundur vera aðallega að þetta sé skemmtilegt. „Það er gaman að sjá krakka sem maður hélt að ættu ekki séns, blómstra og bæta sig. Svo getur maður náð taki á þessum yngri og prentað inn í þau góð gildi,“ lýsir Guðmundur en hann gagnrýnir þá afreksstefnu sem ríkir í íþróttahæminum almennt í dag. „Það er mikið af krökkum sem ekki er

pláss fyrir í íþróttafélögum vegna þessarar stefnu. Hérna áður fyrr var stefnan sú að þeir sem vildu verða góðir í íþróttum höfðu tækifæri til þess en nú hefur hún snúist upp í andhverfu sína, það er skyldumæting á æfingar og ekki hægt að æfa bara tvisvar í viku, það verða allir að vera í þessu af fullum krafti.

Hjá mér er ekki markmiðið að allir verði atvinnumenn eða meistarar. Samt sem áður urðu allir fimm keppendurnir okkar sem kepptu á Íslandsmótinu meistarar. Ef maður vill verða góður þá æfir maður bara meira og allir eru tilbúnir að hjálpa, þannig var afreksstefnan í gamla daga. Auk þess að gera krökkum erfiðara fyrir að æfa bara til gamans heldur þessi nýja afreksstefna æfingagjöldunum uppi. Það er til dæmis ódýrara fyrir barn að æfa í einkarekinni líkamsræktarstöð með þjálfara hér í Reykjanesbæ en að æfa fimleika og sund. Þær íþróttagreinir eru samt reknar á sama grunni og júdóið hjá mér, þannig að mér finnst skrítið að það sé svona mikill verðmunur.“

**PRODERM** TECHNOLOGY

**LANGVIRK SÓLARVÖRN.**

**PRODERM SUNSCREEN MOUSSE DURABLE KIDS**

**30**

**AÐEINS ÞAÐ BESTA FYRIR BÖRNIN SÓLARVÖRNIN SEM HÚÐLÆKNAR MÆLA MEÐ**

Sölustaði má finna á [celsus.is](http://celsus.is)

UVA



# Útlit og fegurð

17. maí 2016

KYNNINGARBLAÐ Actavis| Artica

## Rosazol, fyrsta og eina lyfið án lyfseðils við rósroða

Rósroði er langvinnur sjúkdómur sem lýsir sér með roða, bólum, graftarbólum, æðasliti og stundum þrota í andliti. Rósroði er hvítleiður og mikilvægt að meðhöndla hann sem fyrst til að halda einkennum í skefjum. Nú er hægt að fá lyfið Rosazol við rósroða án lyfseðils.

„Ætla má að allt að 10 prósent Íslendinga þjáist af húðsjúkdómnum rósroða en ekki eru til greinargóðar upplýsingar um algengi sjúkdómsins hér á landi,“ segir Guðfinna Ármannsdóttir, markaðsfulltrúi lausasölulyfja hjá Actavis, en bendir á að samkvæmt Mats Berg yfirlækni og dósent við háskólann í Uppsala sé algengi rósroða í Svíþjóð um 14 prósent hjá konum og 5 prósent hjá körlum\*1.

Rósroði (e. rosacea) er húðsjúkdómur sem hrjáir fullorðið fólk, en líkist einna helst bólóttri húð unglunga. Rósroði kemur yfirleitt ekki fram hjá fólki fyrr en eftir þrítugt og kemur fyrst fram sem roði á höku, kinnum, nefi eða enni. „Til að byrja með er þessi roði að koma og fara og einkennin oft tekin sem eitthvað tilfallandi, sólbruni eða eitthvað slíkt og því hunsuð,“ segir Guðfinna en húðsjúkdómurinn, sem er krónískur, er talinn vera nokkuð vangreindur og vanmeðhöndlaður.

„Sjúkdómurinn er algengari hjá konum en erfiðustu tilvikin eru oftast hjá körlum. Líklega er það vegna þess að konur leita sér fyrr hjálpar en karlar,“ segir hún en engin lækning er til við rósroða. „Hins vegar má meðhöndla einkenni hans með lyfjum og breyttum lífsstíl.“

Ef fólk grunar að það sé með rósroða mælir Guðfinna með því að það fái greiningu hjá lækni sem ráðleggi viðeigandi meðferð. „Því fyrr sem rósroði er meðhöndlaður því líklegra er að hægt sé að ná árangri í að halda einkennum í skefjum,“ segir hún en ef ekkert er að gert verður roðinn varanlegri, háráðar verða sýnilegri og bólur koma fram. Nefið getur orðið rautt og bólgið, sérstaklega hjá karlmönnum, og í sumum tilfellum verða augun viðkvæm, jafnvel vökvakennd og blóðhlaupin.

Ástæða rósroða er óþekkt en líklegt er að þættir sem leiða til útvíkkunar æða



Guðfinna Ármannsdóttir, markaðsfulltrúi lausasölulyfja hjá Actavis.


geri hann verri. Til dæmis heitir drykkir, vín, kryddaður matur, sól, hiti og raki, kuldi og vindur auk þess sem tilfinningalegt og líkamlegt álag getur ýtt undir einkennin.

Hingað til hafa lyf við rósroða verið lyfseðilsskyld en nú er hægt að fá lyfið Rosazol án lyfseðils. „Innihaldsefnið í Rosazol-kreminu er vel þekkt undir nafninu metróníðazól 1%. Það hefur verið hægt að fá gegn lyfseðli um árabíl og hefur verið ein mest notaða útvortis meðferð við rósroða. Það er því ánægjulegt að segja frá því að Rosazol er nú aðgengilegt öllum þeim sem hafa greinst með rósroða,“ segir Guðfinna.

\*1. Berg M, Liden S. An epidemiological study of rosacea. Acta Derm Venereol 1989;69:419-23.

### EINKENNI RÓSROÐA:

Roði  
Bólur og graftarbólur  
Æðasliti



Rosazol fæst án lyfseðils í apótekum.

Rósroði (e. rosacea) er húðsjúkdómur sem hrjáir fullorðið fólk, en líkist einna helst bólóttri húð unglunga.

**Notkunarvið:** Rosazol 10 mg/g krem inniheldur virka efnið metróníðazól. Lyfið tilheyrir flokki sýklalyfja, virkt gegn nauðbundnum (obligate), loftfælnum bakteríum og frumdyrum og ætlað til staðbundinnar notkunar við rósroða. Áður en meðferð með Rosazol kremi hefst skal lækni staðfesta sjúkdómsgreininguna. **Sérstök varnarorð:** Forðast ber að kremið berist í augu eða á slímhúð. Forðast ber sterkt sólarljós og útfjólublátt ljós (sólþöð, sólarlampa og útfjólubláa lampa) meðan á meðferð með metróníðazóli stendur. Við ertingu ætti að bera Rosazol sjaldnar á eða gera hlé á notkun þess. Forðast ætti ónauðsynlega og/eða langvarandi meðferð með Rosazol. Metróníðazól er nítróimidazól og þarf að nota með varúð ef fram koma einkenni um blóðmeini eða saga er um slíkt. Lyfið inniheldur cetýl- og cetostearylalkóhól sem getur valdið staðbundnum húðviðbrögðum (t.d. snertifólgu). Sjúklingnum er ráðlagt að leita lækni ef þörf krefur. **Meðganga og brjóstgjöf:** Metróníðazól má aðeins nota á meðgöngu sé það metið lífsnauðsynlegt. Meta þarf m.t.t. mikilvægis meðferðarinnar fyrir móðurina hvort hætta eigi eða gera hlé á meðferð með Rosazol við brjóstgjöf. **Skömmtun:** Þunnt lag af Rosazol er borið á svæðið sem á að meðhöndla, tvisvar á dag, að morgni og að kvöldi. Meðalmeðferðartími er breytilegur eftir löndum en er venjulega 3 til 4 mánuðir. Meðferð ætti ekki að standa lengur en ráðlagt er en þó má lækni sem ávísar lyfinu framlengja meðferðina um aðra 3 til 4 mánuði þegar rík ástæða er til og í samræmi við alvarleika sjúkdómsins. Beri meðhöndlunin ekki markverðan árangur ætti að hætta henni. **Markaðsleyfishafi:** Actavis Group hf. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Apríl 2016.



# Gyllt á augum og rauður varalitur

Förðunarfræðingurinn **Anna Hrefnudóttir** leyfir lesendum að kíkja í snyrtibudduna sína sem inniheldur mikið af flottum vörum. Hún segist ekki geta verið án þessara klassísku vara, rakakrems, maskara og góðs hyljara.

Anna Hrefnudóttir er nýflutt heim frá Los Angeles þar sem hún lærði kvikmyndaförðun með áherslu á „special effects“. „Ég ákvað að flytja heim og reyna á markaðinn hérna en reyni ef til vill við Los Angeles í framtíðinni. Mér finnst merkilegt hvert kvikmyndageirinn stefnir hér á landi. Við erum með svo mikið af flottu kvikmyndagerðarfólki sem mun ná langt og ég ætla að staldra við eins lengi og ég hef vinnu,“ segir hún og brosir.

## Hvaða snyrtivörur eru í uppáhaldi?

Rakakremið frá Clinique er í ofboðslega miklu uppáhaldi hjá mér. Ég er með mjög erfiða húð, bæði þurra og olúkennda, þannig að þetta krem kemur jafnvægi á hana. Mac Foundation stendur alltaf fyrir sínu, ég nota Studio Fix Fluid því ég vil hafa góða þekju og svo auðvitað góðan maskara. Ég hafði leitað lengi að góðum maskara og fann loksins þann eina rétta í Sephora. Hann heitir Better Than Sex og er frá Too Faced. Annað sem ég kaupi í hverri ferð í Sephora er augnabrunagelið Gimme Brow frá Benefit, það hefur breytt lífi mínu. Svo nota ég Eyebrow Cake Powder frá NYX til að fylla í litinn. Upphaldsvaraliturinn minn þessa stundina er So Select frá MAC, hann er fullkominn í daglegu förðunina.

Anna segir Mac Foundation alltaf standa fyrir sínu, hún notar Studio Fix Fluid því hún vill hafa góða þekju.



## Hvaða vörur notar þú daglega?

Gott rakakrem, meik, maskara, sólarpúður og varasalva.

## Hefur þú lengi haft áhuga á förðun?

Eiginlega frá því ég man eftir mér. Ég var stelpa í öðrum bekk sem stalst í skólann með fjólubláan augnskugga og bleikan varalit en það var ekki fyrr en ég varð 22 ára sem ég áttaði mig á því að ég gæti í raun gert þetta að starfi og dreif mig þá í nám til Los Angeles.

## Hvernig malar þú þig þegar þú ætlar út á lífið?

Ég kann alltaf að meta gott smokney og rauðan varalit. Ég er mjög hrifin af gylltu núna og hefur það verið svona „go to look“ hjá mér á skrállinu.

## Hvað er best að gera til að hugsa vel um húðina?

Ég nota Clinique 3 Step Skin Care sem hefur algjörlega bjargað minni húð. Ég passa að þrifa húðina á hverju kvöldi og skola hana með vatni á morgnana. Það er ekkert betra fyrir húðina en tært vatn.



Anna Hrefnudóttir er nýflutt heim frá Los Angeles þar sem hún lærði kvikmyndaförðun með áherslu á „special effects“. Hún sýnir lesendum hér sínar eftirlætis snyrtivörur. MYND/VILHELM

Speed Brow frá Benefit hefur breytt lífi Önnu, að hennar sögn. „Ég er með mjög þykk augnabrunahár en þetta heldur þeim alveg í stað.“



„Rakakremið frá Clinique er í ofboðslega miklu uppáhaldi hjá mér. Ég er með mjög erfiða húð, bæði þurra og oliukennda þannig að þetta krem kemur jafnvægi á það,“ segir Anna.



Anna leitaði lengi að góðum maskara og fann loksins þann eina rétta í Sephora. Hann heitir Better Than Sex og er frá Too Faced.

## Áttu einhverja fyrirmynd þegar kemur að förðun?

Förðunarfræðingurinn Ve Neill er ótrúleg, ég hitti hana á ráðstefnu úti og hún er í algjöru uppáhaldi.

Hún er drottning kvikmyndanna úti og hefur


verið með í ráðum við allar stærstu kvikmyndir í heiminum.

## Hvar kaupir þú snyrtivörur helst?

Ég elska að fara út í heim og kaupa mér eitthvað nýtt og spennandi sem er ekki til hér. En hérna heima þá versla ég aðallega í MAC og í Modus þar sem ég vinn.

## Eyðir þú miklu í snyrtivörur?

Já, ég hugsa að á síðastliðnu ári hafi ég eytt yfir milljón í vörur fyrir „kittið“ mitt. Ég legg mikið upp úr því að eiga góðar vörur sem endast og kaupi þær í miklu magni. Fyrir mína persónulegu snyrtibuddu er það ekkert svo mikið, ég vildi óska að snyrtibuddan mín væri eins flott og sú sem ég nota á þær sem koma í förðun til mín en þær fá forgang á það flotta.



## Augnhvílan

Margnota augnhitapoki


Ef augnhvílan er notuð tvisvar á dag með reglulegu millibili hefur hún jafnan jákvæð áhrif á hvarmabólgu (Blepharitis), vanstarfsemi í fitukirtlum, augnþurrk, vogris, augnhvarma-blöðrur og rósroða í hvörmum/augnlokum.



Fæst í helstu apótekum og Eyesland Gleraugnaverslun, Glæsibæ

## UNDIRSTRIKAÐU AUGUN

- Teiknaðu mjóa svarta línu í kringum allt augað til að undirstrika augnumgjörðina og draga fram augnlitinn. Hafðu eyrnápinna og augnfarðahreinsi við höndina til að hreinsa misfellur. Ef þú vilt mýkri línu má nota dökkan augnskugga í stað þess að vera með blautan liner og bera hann á með mjóum pensli.
- Ekki nota augnskugga í sama lit og augun. Litur þeirra nýtur sín betur ef þú býrð til andstæður. Bláeygðir ættu til dæmis að nota ferskjulitaðan skugga og brúneygðir bláan.
- Berðu gljáa á kinnbeinin og undir augabrunirnar. Það dregur athygli að augnsvæðinu.
- Notaðu eins dökkan baugahyljara og þú kemst upp með til að hylja bauga. Þannig verður



- ur minnst úr pokunum.
- Prófaðu bláan eyeliner. Með honum virkar hvítan bjartari.
- Ef þú ætlar að vera með dökka smokey-förðun er mikilvægt að annar farði sé látlaus.
- Slepptu því að setja maskara á neðri augnhárin en settu þeim mun meira á þau efri. Þannig virðast augun opnari auk þess sem minni hætta er á að grár litur smitist niður á baugasvæðið sem gerir þig preytulega.
- Dökkur augnfarði getur látið augun sjálf líta út fyrir að vera minni. Notaðu því bjarta sanseraða augnskugga með.
- Notaðu alltaf blöndunarbusta til að jafna upp skarpar línur.
- Forðastu brúna augnskugga sem fara út í rautt. Þeir gera þig preytulega.



SOTHYS | SUN CARE

## Falleg, nærð og ljómandi húð í sumar.


### BRÚNKUHVETJANDI GEL:

- UNDIRBÝR OG ÖRVAR HÚÐINA FYRIR SÓLBÖÐ
- FALLEG OG JÖFN BRÚNKA

### BRÚNKUGEL:

- BRÚNKUGEL FYRIR ANDLIT OG LÍKAMA
- FALLEG OG NÁTTÚRULEG BRÚNKA

Nýjar vörur frá Sothys með ljúfum ilmi; self-tanning gel face&body, face and body tanning enhancer, shower gel og shimmering olía. Veita húðinni góðan raka. Ljómaðu í sumar!



**SOTHYS**  
PARIS

[www.sothys.com](http://www.sothys.com)

ÚTSÖLUSTADIR:

HAGKAUP KRINGLUNNI, LYFJA SMÁRATORGI, LYFJA SMÁRALIND, LYFJA KEFLAVÍK, LYFJA LÁGMÚLA, LYFJA BORGARNESI, LYFJA NESKAUPTAD, ÁRBÆJARAPOTEK, GARDSAPOTEK, APOTEK SIGLU ARDAR, SJÖRNUSÓL, SNYRTISTOFAN HILMA, SNYRTISTOFAN ARONA, SNYRTISTOFAN FAGRA, SNYRTISTOFAN WANITA, SNYRTISTOFAN DEKURDÍS, SNYRTISTOFAN APACO OG HÁRGREIÐSLUSTOFAN FLIKK.



# Húðslípun með laser er árangursrík

Ástæður þess að fólk fer í húðslípun geta verið margvíslegar. Ungt fólk leitar sér hjálpar þegar ljót ör myndast í andliti, til dæmis eftir unglingsbólur. Eldra fólk er frekar að sækjast eftir að losna við ör eða hrukkur.

Ágúst Birgisson lýtalæknir segir að á undanförunum árum hafi venjuleg húðslípun með demantsbor vikið fyrir laser-tækni. „Húðslípun hefur verið gerð með demantsbor eða -slípara. Þá eru ystu lög húðarinnar slípuð niður. Ég nota staðdeyfingu eða svæfingu ef það þarf að fara djúpt í húðina. Við gerum þetta við fínar hrukkur eða hrjúf ör, allar misfellur í húðinni. Það næst yfirleitt mjög góður árangur með slípun. Oftast þarf bara að koma einu sinni en einstaka sinnum þarf að endurtaka meðferðina eftir nokkra mánuði. Lýtalæknar fara mun dýpra í húðina en gert er á snyrtistofum. Þannig náum við mjög góðum árangri,“ útskýrir Ágúst.



Ágúst Birgisson lýtalæknir.

## Slípun eftir bólur

„Að undanförunum hefur laserinn komið mikið í staðinn fyrir húðslípun. Það er hægt að gera svipaða hluti með laser og slípara eða bor. Oft vinnur maður fyrst með laser en ef það dugur ekki er notaður demantsbor. Laser-tæknin hefur tekið þetta nokkuð yfir því sú aðferð hefur reynst vel. Það er hægt að vinna með húð kvenna og karla.“

Annars er mjög misjafnt eftir húðgerð hvað er hægt að gera og hvernig,“ segir Ágúst ennfremur. „Þunna og viðkvæma húð er ekki hægt að slípa jafn mikið niður og grófa húð. Algengasti aldur fólks sem biður um húðslípun er 18-22

ára. Aðallega er þá verið að slípa eftir bólur. Eldra fólk vill losna við hrukkur í kringum munn og augu, oft sem hafa myndast vegna reykinga. Flestir vita að reykingar skaða húðina.“

## Að mestu hættulaust

Ágúst segir að fólk sjái fljótt mun á sér eftir húðslípun. „Fyrst á eftir er húðin léttblæðandi og sár, eftir tvo þrjá daga verður hún rauð. Það tekur síðan nokkrar vikur fyrir húðina að jafna sig og á meðan er ekki hægt að fara til dæmis í sólbað. Meðferðin er hættulaus en ef það er farið of langt ofan í húðina



Húðslípun gerð með laser af húðlæknum hefur mikið til tekið við af húðslípun lýtalækna með demantsbor.


getur myndast ör. Þess vegna ætti alltaf að leita til fagmanna. Læknirinn sér strax um hvaða húðgerð er að ræða.“

Ágúst segir að færri leiti til sín í húðslípun eftir að laser-tæknin fór að ryðja sér til rúms. Laser-

þjónusta er ekki veitt í Domus Medica þar sem hann starfar. Húðsjúkdómalæknar eru frekar með laser heldur en lýtalæknar, að sögn Ágústs. Bolli Bjarnason hjá Útlitslækningu vinnur mikið með laser og eins er unnið með

laser á Húðlæknastöðinni á Smáratorgi. „Stundum á laser betur við en demantsslípun og stundum ekki. Það þarf að veiga og meta hjá hverjum og einum. Það er minna inngríp þegar laser er notaður og léttari deyfingar.“

MAX FACTOR X



NÝTT

VOLUPTUOUS  
FALSE LASH EFFECT MASKARI


NÝR byltingarkenndur SPÍRALLAGA BURSTI sem LYFTIR, aðskilur og þykkir augnhárin. Endi burstans auðveldar að ná til allra minnstu augnháranna. Opnari ásýnd augnana.

www.maxfactor.is      www.medico.is


THE MAKE-UP OF MAKE-UP ARTISTS

## Skipt um lit



Margar stjórnur skipta um hárlit eins og við hin um nærfatnað. Leikkonurnar Kirsten Stewart og Emma Stone og söngkonan Lana Del Rey eru á meðal þeirra sem skarta nýjum lit og klippingu þessa dagana.



Kristen Stewart kaus ljósan lit fyrir árið 2016.



Emma Stone skipti rauðu lokkunum út fyrir dökka þegar hún mætti í Met Gala veisluna á dögunum.



Það er ekkert of oft sem íslenskum tónlistarunnendum gefst þess kostur að hlýða á tvö af stórvirkjum kirkjutónbókmenntanna á einu og sama kvöldinu. En annað kvöld kl. 20 flytur Kór Langholtskirkju messu Stravinskíjs fyrir kór og blásara ásamt blásarsveit úr Sinfóníuhljómsveit Íslands en einsöngvarar koma úr röðum kórfélaga. Á sömu tónleikur mun kórinn einnig flytja Óttusöngva að vori eftir Jón Nordal og verða einsöngvarar Þóra Einarsdóttir og Hanna Dóra Sturludóttir en stjórnandi á tónleikunum er Steinar Logi Helgason.

## Einstakar perlur

Gunnar Guðbjörnsson hjá Listvinafélagi Langholtskirkju er á meðal þeirra sem unnið hefur að undirbúningi tónleikana sem hann segir að séu mikið tilhlökkunarefni. „Ég er náttúrulega ekki sérfræðingurinn í þessari tónlist en hvort tveggja eru

þetta stór og flott kórverk með einstaklega fallegum sólókóflum. Stravinskíj er eins og hann er og hann vinnur þetta upp úr þessum helgitekta. Það er nú kannski ekki það sem Stravinskíj var þekktastur fyrir en þetta er svo sannarlega ekki síðra fyrir það. Hvort tveggja eru þetta sannkallaðar perlur sem heyrast kannski ekkert of oft svo það er svo sannarlega ástæða fyrir fólk til þess að drífa sig.

Stravinskíj samdi messuna á árunum 1944 og 1948. Verkið er persónuleg nálgun Stravinskíjs á texta hinnar kaþólsku messu þar sem hann lítur til baka á tónlist fyrri alda og færir í senn messuna inn í nýja hrynjandi hinnar stríðshrjáðu Evrópu. En



Kór Langholtskirkju heldur hátíðartónleika annað kvöld.

Óttusöngva á vori samdi Jón Nordal fyrir Sumartónleika í Skálholti árið 1993. Óttusöngvar eru stærsta söngverk Jóns en þar tvinnar hann saman hefðbundnum messutexta, Sólarljóðum frá miðöldum og Sólhjartarljóði Matthíasar Johannessen í sinn einstaka djúphugla tónavef. Jón

hefur ekki skrifað mikið fyrir raddir, sérstaklega ekki sólókafila, en það eru þarna einsöngskaflar sem eru alveg gullfallegir.“

## Annir í skólalstarfinu

Gunnar segir að það séu líkur á því að þetta verði síðustu hátíðartón-

leikar kórsins sem hann kemur að í bili en hann gegnir starfi skólalstarfara Söngskóla Sigurðar Demetz og það er því í mörg horn að líta. „Ég hugsa að ég fari nú að segja þetta gott því við erum að leggja mikið í að efla starf skólans enn fremur. Við vorum til að mynda að opna nýja heimasíðu enda eru tímarnir breyttir og ef stafræni hlutinn er ekki í lagi þá er hætt við að það komi niður á starfinu.

En ég vil sem sagt geta sinnt þessu starfi eins vel og ég mögulega get og er með ákveðna hluti í huga fyrir skólann sem mig langar til þess að gera með sönglistina almennt á Íslandi. Mig langar til þess að fá meira í gang hjá yngri kynslóðinni, jafnvel hjá börnum, að fólk kynnist því fyrir hvað það er gott að syngja. Þetta er ekki bara spurning um að skapa vettvang fyrir sóló heldur að fólk finni hvað það er gefandi að syngja í kór. Ég vil að fólk kynnist því fyrir á ævinni. Þetta sá ég vel í starfi Jóns Stefánssonar og hvað hann færði stórum hópi ákveðin lífsgæði með sínu frábæra starfi. Þetta langar mig til þess að gera í gegnum skólann.“

# Örugg búseta með þriggja ára leigusamningi

**Við gerum leigu að raunhæfum valkosti**

Við leigjum út um 500 íbúðir af öllum stærðum á höfuðborgarsvæðinu og bjóðum leigjendum upp á leigusamninga til allt að þriggja ára. Þannig tryggjum við leigjendum örugga búsetu, aðgang að öflugri þjónustu og sveigjanleika til að stækka eða minnka við sig þegar hagar fólks breytist.

**ALMENNA  
LEIGUFÉLAGIÐ**

almennaleigufelagid.is



Langtíma  
leigusamningur



Sveigjanleiki



24/7 þjónusta





# GÓMSÆT TILBOÐ

*Þú færð allt sem þú þarfnast í Iceland, á frábæru verði!*



**54**  
Fyrir

af öllum pizzum  
- þú velur



**249** kr. stk.

ROCKSTAR ORKUDRYKKUR  
500 ml.



Verð frá: **899** kr. stk.

BEN & JERRY'S ÍS - 500 ML  
FRÁBÆRT ÚRVAL



**1199** kr. kg

VERÐ ÁÐUR: 1498 KR.

1. FLOKKS SS LAMBALÆRI  
FROSÐ. 2,1–2,6 KG



Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN  
ICELAND, ENGIHJALLA,  
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

# Iceland







# Fiskur á skjáþurru landi

## A Hologram For the King

★★★★★

### Leikstjóri og handritshöfundur:

Tom Tykwer

### Byggð á skáldsögu eftir:

Dave Eggers

**Aðalhlutverk:** Tom Hanks, Alexander Black, Sarita Choudhury og Sidse Babbett Knudsen

A Hologram For the King er nýjasta mynd þýska leikstjórans Tom Tykwer sem er þekktur fyrir myndir á borð við Run Lola Run, Perfume og The International auk þess sem hann leikstýrði Cloud Atlas með Wachowski-systrunum.

Myndin er byggð á skáldsögu eftir Dave Eggers og segir frá sölu- manninum Alan Clay sem er sendur til Sádi-Arabíu til að reyna að selja kónginum þar heilmynda- hugbúnað. Það reynist hægara sagt en gert þar sem kóngurinn og umboðsmenn hans láta aldrei sjá sig og Clay og aðstoðarmenn hans þurfa að bíða endalaust auk þess sem þeir hafa takmarkaða nettengingu og geta því illa unnið. Ekki hjálpar að Clay er síþreyttur og sefur sífellt yfir sig sökum þotu- þreytu og er auk þess með undar- legan hnúð á bakinu.

Þetta er að vissu leyti dæmigerð saga um fisk á þurru landi sem og saga um mann sem er að reyna að fást við brenglað, hálf-kafkaiskt kerfi. Clay er á skrítnum stað í lífinu, fráskilinn og á síðasta séns, eins og menn vilja oft vera í mynd- um sem þessum.

Hvað söguþráðinn varðar er A Hologram for the King ekki að finna upp hjólið og frásögnin og stígandi sögunnar er veiki hlekkur myndarinnar. Fyrir utan klisjurnar þá er sagan svolítið vannærð, mörg atriði ekki nógu vel uppbyggð og það virkar í raun eins og meginsagan sé hálfgerð aukaatriði. Myndin er líka byggð á bók og maður finnur það á strúktúr myndarinnar sem er svolítið brokkgengur.

Það sem heppnast best í mynd- inni er hversu góða tilfinningu maður fær fyrir þessum skringi- legu kringumstæðum sem Alan er staddur í, sem er vel tvinnad saman við tilvistarkreppu hans sem kring- umstæðurnar bæði skapa og eru afleiðing af. Frásögnin er kannski á reiki en það er hugur Alans líka og Tom Hanks tekst mjög vel að skapa þrívíða persónu með túlkun sinni. Hanks hefur í raun ekki verið svona skemmtilegur í mörg ár og má sjá eima af gamla, fyndna Hanks í þessu hlutverki. Leikarar eru vel valdir í þessari mynd og flestir þeirra smellpassa í hlut- verkin og tekst yfirleitt að túlka vel eðli persóna sinna á lágstemmdan hátt. Auk Hanks er vert á minnst á óþekktan leikara að nafni Alexander Black sem er mjög eftirminnileg- ur sem hinn sérvitri bílstjóri Yousef sem Clay vingast við.

Það áhugaverðasta við myndina er hvernig er leikið sér með raun- veruleikann og formið en það hefði mátt fara lengra með það. Hún byrjar á því sem virðist vera auglýsing, sem umhverfist síðan yfir í hálfgerð tónlistarmyndband og reynist svo vera draumur. Mörg augnablik í myndinni eru draum- kennd og hún er full af draum- senum en allt þetta er ekki nógu vel hnýtt saman við restina af mynd- inni þannig á köflum virkar hún eins og tvær mismunandi myndir. Það er eins og leikstjórinn hafi ekki þorað að ganga alla leið, eða ekki geta það e.t.v. sökum kostnaðar.

### Atli Sigurjónsson

**NIÐURSTADA:** Sagan í myndinni er klisjukennd og ekki nógu heilsteypt en góðir leikarar og frábært andrúmsloft ná að keyra myndina áfram þannig að hún verður ágætlega skemmtileg þrátt fyrir gallana.



Myndin er byggð á skáldsögu eftir Dave Eggers.

## HVERNIG TÖKUM VIÐ Á MÓTI FERÐAMÖNNUM Í SUMAR?

— MORGUNFUNDUR ISAVIA



### Isavia býður til morgunfundar miðvikudaginn 18. maí kl. 9–10.15 á Hotel Reykjavík Natura

Framundan er stærsta sumar frá upphafi fyrir ferðapjónustu á Íslandi. Miklar áskoranir felast í því fyrir alla þá sem starfa innan greinarinnar. Hvernig erum við á Keflavíkurflugvelli undirbúin? Hvernig getum við samstillt skilaboðin til ferðamanna þannig að ferðalag þeirra um flugvöllinn gangi sem best? Hversu ánægðir eru ferðamenn með dvöl sína á Íslandi?

### Dagskrá

Húsið opnar 8.30 og fundur hefst kl. 9

Elín Árnadóttir aðstoðarforstjóri Isavia býður gesti velkomna.

#### Hvernig tökum við á móti ferðamönnum í sumar?

Hlynur Sigurðsson framkvæmdastjóri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar fjallar um það hvernig Isavia og aðrir rekstraraðilar á flugvöllum munu takast á við mikinn fjölda ferðamanna í sumar.

#### Hversu ánægðir eru ferðamenn með dvöl sína á Íslandi?

Einar Einarsson framkvæmdastjóri Gallup kynnir Ferðamannapúls Isavia, Ferðamálastofu og Gallup.

#### Umræður í lok fundar

Við hvetjum alla þá sem starfa í ferðapjónustunni og aðra áhugasama til að mæta og kynna sér það sem framundan er á Keflavíkurflugvelli.

Boðið verður upp á kaffi og léttan morgunverð

SKRÁÐU ÞIG Á [WWW.ISAVIA.IS/MORGUNFUNDUR](http://WWW.ISAVIA.IS/MORGUNFUNDUR)



ISAVIA



## DAGSKRÁ

## Þriðjudagur

## STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan  
 07.20 Brunabilarnir  
 07.45 The Middle  
 08.10 Mike and Molly  
 08.30 Ellen  
 09.15 Bold and the Beautiful  
 09.35 The Doctors  
 10.15 Junior Masterchef Australia  
 11.00 Cristela  
 11.20 White Collar  
 12.00 Poppvar  
 12.35 Nágrannar  
 13.00 Britain's Got Talent  
 14.00 Britain's Got Talent  
 15.00 Britain's Got Talent  
 16.10 Nashville  
 16.55 Bold and the Beautiful  
 17.20 Nágrannar  
 17.45 Ellen  
 18.30 Fréttir Stöðvar 2  
 18.55 Íþróttir  
 19.08 Ísland í dag  
 19.20 The Big Bang Theory  
 19.40 Modern Family  
 20.05 Óbyggðirnar kalla Nýir, skemmtilegir og fróðlegir gönguþættir í umsjá Huguðunar Halldórsdóttur þar hún reimar á sig gönguskóna og leitast við að fanga fegurðina, gleðina og frelsið á fjöllum.  
 20.35 Veep  
 21.05 Empire  
 21.50 Major Crimes  
 22.35 Last Week Tonight With John Oliver  
 23.05 Grey's Anatomy  
 23.50 Togetherness  
 00.15 Blindspot  
 01.00 The Strain  
 01.45 The Strain  
 02.30 The Strain  
 03.15 NCIS  
 04.00 True Detective  
 05.00 Battle Creek  
 05.45 The Middle  
 06.10 Mike and Molly

## SPORT

07.40 Pepsi deildin 2016  
 09.25 Pepsi deildin 2016  
 11.10 Spænski boltinn  
 12.50 NBA  
 14.40 Pepsi deildin 2016  
 16.25 Pepsi deildin 2016  
 18.10 Ítölsku mörkin  
 18.35 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur  
 19.00 Spænsku mörkin  
 19.30 Pepsi deildin 2016  
 22.00 Pepsimörkin 2016  
 23.40 Markapáttur Pepsi deildar kvenna  
 00.25 Pepsi deildin  
 02.10 Evrópudeildin - fréttapáttur

## SPORT 2

08.40 Spænski boltinn  
 10.20 Ítalski boltinn  
 12.00 Ítalski boltinn  
 13.40 Premier League  
 15.20 Premier League  
 17.00 Enska 1. deildin  
 18.40 Enska 1. deildin  
 20.50 Markapáttur Pepsi deildar kvenna  
 21.35 Premier  
 22.30 Messan  
 23.05 Formúla 1

## GOLFSTÖÐIN

08.00 The Players Championship  
 14.00 The Players Championship  
 20.00 PGA Tour 2016 - Highlights  
 20.55 Golfing World 2016  
 21.45 The Players Championship

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió  
 FM 89,5 Retro  
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
 FM 93,5 Rás 1  
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
 FM 96,7 Létt Bylgjan  
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
 FM 99,4 Útvarp Saga  
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



## LOKAPÁTTUR

20:05  
 ÓBYGGÐIRNAR KALLA

Í þessum skemmtilega lokapætti fer Huguðunar Halldórsdóttir í fossaprydda göngu meðfram Jökulsá í Fljótsdal þar sem gamli tíminn stendur í stað og svo ferðast hún aftur í tímann með feðgunum Ólafi og Haraldi sem gengu fyrstir Íslendinga á suðurpólinn fyrir tæpum tveimur áratugum.

FRÁBÆR  
ÞRIÐJUDAGUR

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

19:40  
 MODERN FAMILY

Glænýr þáttur í hverri viku af þessum stórskemmtilegu gamanþáttum um stórfjölskylduna frábæru.



20:40  
 VEEP

Fimmta þáttarserían af þessum bráðfyndnu gamanþáttum. Julia Louis-Dreyfus er hér í hlutverki þingmanns sem ratar í starf varaforseta Bandaríkjanna.



21:10  
 EMPIRE

Lucious Lyon lifir og hrærist í gallhördum tónlistarbransanum þar sem allir reyna að ná sínu fram sama hvað sem það kostar!



21:55  
 MAJOR CRIMES

Hörkuspennandi þættir um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknardeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles.



22:00  
 CLOSER

Dramatísk verðlaunamynd sem segir sögu fjögurra einstaklinga sem flæktir eru í vef framhjáhalds og lyga en enginn þeirra virðist sjá leið út.



21:00

ONE BORN EVERY MINUTE

Breska útgáfan af þessum vönduðu og áhugaverðu þáttum sem gerast á fæðingadeild þar sem fylgst er með komu nýrra einstaklinga í heiminn.



## STÖÐ 3

18.35 Last Man Standing  
 19.00 Silicon Valley  
 19.30 The Amazing Race  
 20.15 Drop Dead Diva  
 21.00 One Born Every Minute  
 21.50 I.Zombie  
 22.35 Mayday  
 23.20 The Listener  
 00.00 American Horror Story: Hot  
 00.45 The Amazing Race  
 01.25 Drop Dead Diva  
 02.10 One Born Every Minute  
 02.55 I.Zombie  
 03.40 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 Dóra könnuður  
 07.24 Mörgæsinar frá Madagaskar  
 07.47 Víkingurinn Viggó  
 08.00 Áfram Diego, áfram!  
 08.24 Svampur Sveinsson  
 08.49 Rasmus Klumpur og félagar  
 08.55 UKI  
 09.00 Brunabilarnir  
 09.25 Latibær  
 09.48 Hvellur keppnisbill  
 10.00 Lína langsokkur  
 10.25 Kalli á þakinu  
 10.47 Mæja býfluga  
 11.00 Dóra könnuður  
 11.24 Mörgæsinar frá Madagaskar  
 11.45 Víkingurinn Viggó  
 12.00 Áfram Diego, áfram!  
 12.24 Svampur Sveinsson  
 12.49 Rasmus Klumpur og félagar  
 12.55 UKI  
 13.00 Brunabilarnir  
 13.22 Latibær  
 13.47 Hvellur keppnisbill  
 14.00 Lína langsokkur  
 14.25 Kalli á þakinu  
 14.47 Mæja býfluga  
 15.00 Dóra könnuður  
 15.24 Mörgæsinar frá Madagaskar  
 15.45 Víkingurinn Viggó  
 16.00 Áfram Diego, áfram!  
 16.24 Svampur Sveinsson  
 16.49 Rasmus Klumpur og félagar  
 16.55 UKI  
 17.00 Brunabilarnir  
 17.22 Latibær  
 17.47 Hvellur keppnisbill  
 18.00 Lína langsokkur  
 18.25 Kalli á þakinu  
 18.47 Mæja býfluga  
 19.00 Arthúr 2

## GULLSTÖÐIN

18.35 Raising Hope 19.00 Friends  
 19.25 The Big Bang Theory  
 19.50 Modern Family  
 20.15 Nikita  
 21.00 One Big Happy  
 21.25 Person of Interest  
 22.10 Chuck  
 22.55 Cold Case  
 23.40 Friends  
 00.00 Nikita  
 00.45 One Big Happy  
 01.05 Chuck  
 01.50 Cold Case  
 02.35 Tónlistarmyndbönd frá Bravó



## BÍÓSTÖÐIN

12.20 Vaski grisinn Baddi  
 13.55 Fed up  
 15.30 Heaven is for Real  
 17.10 Vaski grisinn Baddi  
 18.45 Fed up  
 20.20 Heaven is for Real  
 22.00 Closer Dramatísk verðlaunamynd með þeim Juliu Roberts, Jude Law, Clive Owen og Natalie Portman. Myndin segir sögu fjögurra einstaklinga sem flæktir eru í vef framhjáhalds og lyga en ekkert þeirra virðist sjá leið út.  
 23.40 No Good Deed Terri er einmana húsmóðir sem býr í huggulegu úthverfi í Atlanta. Kvöld eitt bankar hjá henni myndarlegur maður sem biður hana um aðstoð eftir að hafa lent í bílslysi. Hún býður fram hjálp sína en áttar sig ekki á að þessi heillandi maður er í raun glæpamaður á flótta.  
 01.05 As Above, So Below Í þessum hrollvekjandi spennutrylli fara nokkrir ungir fornleifafræðingar að rannsaka katakombur Parísarborgar. Þau vilja sérstaklega skoða hvelvingar sem hafa litið verið rannsakadaðar áður en átta sig fljótlega á því að sú hugmynd sé ekki góð. Undir Parísarborg er falinn heimur og þar leynist ýmislegt sem fólk vill sjá komast í kynni við.  
 02.40 Closer

## RÚV

17.00 EM í sundi  
 18.40 Táknálmáfréttir  
 18.50 Krakkafréttir  
 19.00 Fréttir  
 19.25 Íþróttir  
 19.30 Veður  
 19.35 Kastljós  
 20.15 Hönnunarkeppni 2016  
 21.15 Innsæi  
 22.00 Tíufréttir  
 22.15 Veðurfréttir  
 22.20 Hernám  
 23.10 Spilaborg  
 00.05 Kastljós  
 00.40 Dagskrárlök

## SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist  
 08.00 Rules of Engagement  
 08.20 Dr. Phil  
 09.00 America's Next Top Model  
 09.45 Survivor  
 10.30 Pepsi MAX tónlist  
 12.45 Dr. Phil  
 13.25 Stjórnurnar á EM 2016  
 13.55 Top Chef  
 14.40 Melrose Place  
 15.25 The Royal Family  
 15.50 America's Next Top Model  
 16.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon  
 17.15 The Late Late Show with James Corden  
 17.55 Dr. Phil  
 18.35 Everybody Loves Raymond  
 19.00 King of Queens  
 19.25 How I Met Your Mother  
 19.50 Black-ish  
 20.15 Jane the Virgin  
 21.00 The Good Wife  
 21.45 Madam Secretary  
 22.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon  
 23.10 The Late Late Show with James Corden  
 23.50 Brotherhood  
 00.35 Chicago Med  
 01.20 Quantico  
 02.05 The Good Wife  
 02.50 Madam Secretary  
 03.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon  
 04.15 The Late Late Show with James Corden  
 04.55 Pepsi MAX tónlist





**RENAULT**  
Passion for life

# Renault CAPTUR GULLFALLEGGUR



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR  
Á RENAULT“



**Verð: 3.390.000 kr.** **Verð: 3.690.000 kr.**  
**CAPTUR** **CAPTUR**  
Dísil, beinskiptur Dísil, sjálfskiptur  
Eyðsla 3,7 l/100 km\* Eyðsla 3,8 l/100 km\*

Innifalið í verði: 17" álfelgur, lykillaust aðgengi, tvílitur, skyggðar rúður, leiðsögubúnaður með Íslandskorti, tölvustýrð loftkæling, LED dagljós, bakskynjarar, handfrjáls símabúnaður (Bluetooth), start/stopp ræsibúnaður, regnskynjarar á rúðupurrkum.

[www.renault.is](http://www.renault.is)

## FJÖLBREYTT ÚRVAL LITA OG BÚNAÐAR



Tvílitur brúnn og hvítur



Tvílitur blár og svartur



Tvílitur hvítur og svartur



Tvílitur rauður og svartur

GE bílar  
Reykjanesbæ  
[www.gebilar.is](http://www.gebilar.is)  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
[www.ib.is](http://www.ib.is)  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)





# Níu ára stúlka í tilvistarkreppu

Ása Helga Hjörleifsdóttir, leikstjóri og kvikmyndagerðarkona, er um þessar mundir að undirbúa tókur á kvikmyndinni Svaninum en þetta er hennar fyrsta mynd í fullri lengd. Framleiðendur myndarinnar er Vintage Pictures.



Ása Helga lærði kvikmyndagerð í Columbia-háskóla í New York, en hún er um þessar mundir að undirbúa tókur á kvikmyndinni Svaninum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

TOYO TIRES

NANOENERGY



Lægra veghljóð



Betta grip



Minni eyðsla



Bilabúð Benna

590 2045 | BENNI.IS

NESDEKK

561 4200 / NESDEKK.IS

Myndin byggir á skáldsögunni Svaninum eftir Guðberg Bergsson og fjallar um níu ára afvegaleidda stúlku sem er send í sveit til að þroskast og fullorðnast, myndin er að miklu leyti um samband hennar við náttúruna og hvernig það er að eldast. Hún flækist líka inn í líf fólksins á bænum þar sem töluvert drama er í gangi og án þess að hún geri sér grein fyrir því er hún flækt í atburðarás sem hún sjálf skilur ekki. Það er óhætt að segja að þetta fjalli um níu ára stúlku í tilvistarkreppu," segir Ása Helga Hjörleifsdóttir, leikstjóri og kvikmyndagerðarkona, spurð út í nýjustu kvikmynd sína, Svaninn.

Ása Helga lærði kvikmyndagerð í Columbia-háskóla í New York. Þar lagði hún fyrstu drög að handritinu árið 2010 í áfanga sem nefnist aðlögun að hvíta tjaldinu.

„Þetta var hálfgerð æfing þegar

**MYNDIN BYGGIR Á SKÁLDSÖGUNNI SVANINUM EFTIR GUÐBERG BERGSSON OG FJALLAR UM NÍU ÁRA AFVEGALEIDDA STÚLKU SEM ER SEND Í SVEIT TIL AÐ ÞROSKAST OG FULLORÐNAST.**

ég byrjaði að skrifa handritið, svo ákvað ég að senda drögin áfram sem varð til þess að ég, ásamt Hlín Jóhannesdóttur og Birgittu Björnsdóttur hjá Vintage Pictures, fékk kvikmyndaréttinn að skáldsögunni," segir Ása Helga.

Tökur á myndinni fara að mestu fram í Svarfáðardal í júlí og ágúst og segist Ása einstaklega spennt fyrir ferlinu. Laufey Elíasdóttir sér um

leikaraval í myndinni, en hún hefur leikið í fjölda kvikmynda; Reykjavík, Vonarstræti, Brúðgumanum og Blóðböndum.

„Í sameiningu höfum við Laufey unnið að leikaravali sem er um þessar mundir að fullmótast. Ástæða þess að ég valdi Svarfáðardal er vegna þess hversu fallegur hann er og ekki skemmir fyrir að ég er ættuð þaðan og var mikið þar sem barn," segir hún.

Ása Helga hefur þó ekki setið aðgerðalaus frá 2010 heldur gerði hún tvær stuttmyndir ásamt því að eignast lítinn dreng um miðjan nóvember síðastliðinn.

„Ég gerði tvær stuttmyndir eftir að ég útskrifaðist frá Columbia, þú og ég og Ástarsögu. Draumurinn er svo að koma Svaninum á erlendar kvikmyndahátíðir og vonandi fær hún að ferðast sem víðast," segir Ása Helga að lokum.

gudrunjona@frettabladid.is

## Þú færð landslagsráðgjöf og garðlausnir hjá okkur

Malarhöfða 10  
110 ReykjavíkHringhellu 2  
221 HafnarfjörðurHrísmýri 8  
800 SelfossBerghólabraut 9  
230 ReykjanesbærSmíðjuvegi  
870 VíkSími 4 400 400  
www.steypustodin.is

## Graníthellur

Steypustöðin býður upp á mikið úrval af fallegum hellum og mynstursteypu fyrir heimili, garða, göngustíga og bílaplön.

# 4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.


YFIR  
20  
TEGUNDIR  
AF HELLUM

Skoðaðu úrvalið á  
www.steypustodin.is



**STEYPUSTÖÐIN**  
Sterkari lausnir





**Trendið**  
Nú er það  
silfrað!



Vanessa Seward



Aquilano.Rimondi



Saint Laurent



Isabel Marant

## Nintendo ætlar sér að gera kvikmyndir

Tölvuleikjarisinn Nintendo ætlar að hefja innreið sína í heim kvikmyndanna með látum, en þetta tilkynnti forstjóri og forseti fyrirtækisins, Tatsumi Kimishima.

Þetta þýðir væntanlega að við gætum fengið að sjá ævintýri Mario og Zelda og fleiri þekktara karaktera úr heimi Nintendo-tölvuleikjanna á hvíta tjaldinu.

Kimishima hefur einnig afhjúpað vonir sínar um að Nintendo muni sjálft sjá um framleiðslu á öllum þessum kvikmyndaverkefnum sem fyrirtækið stefnir á að ráðast í.

„Við viljum gera eins mikið sjálf

og við mögulega getum,“ segir hann í samtali við japanska dagblaðið The Asahi Shimbun.

„Á þessu stigi málsins get ég ekki fullyrt hvort þetta verði Mario – en ég get fullyrt að við munum gera myndir um karaktera sem fólk þekkir vel.“ Hann segist einnig vona að fyrirtækið muni geta gefið út kvikmyndir í fullri lengd á næstu fimm árunum og það sé mjög líklegt að um verði að ræða teiknimyndir.

Hann segir það af og frá að Nintendo muni taka þátt í að búa til leiknar kvikmyndir og nefnir þar sem dæmi hina stórkostlega mis-



Kelly Bensimon úr The Real Housewives of New York City mun líklega vera meðal fjölmargra aðdáenda Mario sem fagna þessum fréttum.

NORDICPHOTOS/GETTY

**ÞETTA ÞÝÐIR VÆNTANLEGA AÐ VIÐ GÆTUM FENGIÐ AÐ SJÁ ÆVINTÝRI MARIO OG ZELDU OG FLEIRI ÞEKKTRA KARAKTERA ÚR HEIMI NINTENDO-TÖLVULEIKJANNA Á HVÍTA TJALDINU.**

heppnuðu kvikmynd Super Mario Bros frá 1993.

Nintendo hefur áður sent frá sér teiknimyndir en út hafa komið myndir í fullri lengd byggðar á Pokémon-leikjunum og -sjónvarpsþáttunum. – sph



**ROKKA**



Garn og lopi • Gott úrval þrjónabóka • Persónuleg aðstoð

Rokka er hannyrðadeild Fjarðarkaupa. Þar finnur þú fjölbreytt úrval af garni og þrjónavörum. Reynslumikið starfsfólk veitir aðstoð og ráðleggingar.

Við tryggjum þér gæði, úrval og góða þjónustu.

Rokka

Verið velkomin í Fjarðarkaup

**FK**

**FJARÐARKAUP**

OPIÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30  
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudaga. [www.fjardarkaup.is](http://www.fjardarkaup.is)



Heimspæktu amerísku  
heilsurúmin frá Spring Air.

## Nú í Dorma



Spring Air **REGENCY**  
heilsurúm með classic botni



Val um svart eða hvítt PU leður  
eða grátt áklæði á botni.

Fáanlegt í stærðunum 120/140/160/180 x 200 cm

### Komdu og leggstu í draumarúmið!

Regency er sérlega vandað heilsurúm frá Spring Air, einum þekktasta rúmaframleiðanda Bandaríkjanna.

Gerðu kröfur um gæði - Spring Air stenst þær.

- Fimm svæðaskipt pokagormakerfi
- Tvöfalt gormakerfi
- Hægindalag í yfirdýnu
- Silkiblandað bómullar-áklæði
- Steyptur svampur í köntum
- Sterkur botn

**Kynningartilboð** 180 x 200 cm

Fullt verð: 279.900 kr.

Aðeins **209.925 kr.**




Þú finnur nýja  
bæklinginn okkar  
á [www.dorma.is](http://www.dorma.is)

Holtagörðum  
512 6800  
Dalsbraut 1, Akureyri  
Skeiði 1, Ísafjörður

Afgreiðslutími Rvk.  
Mán. til fös. kl. 10-18  
Laugardaga kl. 11-16  
[www.dorma.is](http://www.dorma.is)

**DORMA**  
Láttu drauminn rætast



Melkorka Sigríður Magnúsdóttir er aðalsprautu hljómsveitarinnar Milkywhale og er í góðum gir í nýjasta myndbandi sveitarinnar. MYNDR/MAGNÚS LEIFSSON

# Leitin að hinum fullkomna nuddstól

Hljómsveitin **Milkywhale** gefur út nýtt lag og myndband í dag á tónlistarsíðunni The Line of Best Fit. Magnús Leifsson leikstýrði myndbandinu og Hannes Óli Ágústsson fer með aðalhlutverkið.

Goodbye átti upphaflega að vera „power“-ballaða, okkur fannst það svo tilvalið þar sem Adele var nýbúin að gefa út hinn dramatíska hittara Hello, að koma með einhvers konar andsvar við því. Svo þróaðist þetta reyndar út í „mellow“-dramatískt stuðlag sem allir ættu að geta dansað við, hvort sem það er úti á dansgólfinu eða í hægindastólnum,“ segir Melkorka Sigríður Magnúsdóttir söngkona Milkywhale um nýjasta lag sveitarinnar. Hún, ásamt Árna Rúnari Hlökkverssyni, skipar Milkywhale. Árni er einnig meðlimur í hljómsveitinni FM Belfast.

„Við vinnum öll lögin okkar heima í stofunni hjá Árna og Lóu, ég hef alltaf sagt að Milkywhale sé kaffivélinni þeirra að þakka.“

„Þegar Magnús Leifsson leikstjóri kom með hugmyndina að myndbandinu þá þurfti ekki langan tíma til að sannfæra okkur. Í stuttu máli fjallar það um mann og leit hans að hinum fullkomna nuddstól. Magga langaði að búa til myndband þar sem hápunkturinn í viðlaginu væri frekar óhefðbundinn hápunktur. Sjón er sögu ríkari í þeim efnum. Hannes Óli Ágústsson leikari fer með aðalhlutverkið, hann er frábær performer og í algjöru uppáhaldi hjá okkur sem leikari. Við vorum líka saman í dansverki fyrir nokkrum árum og ég vissi að hann væri rétti maðurinn í hlutverkið.“

Milkywhale hefur verið tilnefnd til Nordic Music Video verðlaunanna fyrir myndbandið Birds of Paradise, sem Magnús Leifsson leikstýrði einnig. Myndbandið fær tilnefningar í þremur flokkum: tónlistarmyndband ársins, besti flutningur listamanns og besta listræna stjórnun. Auk þess fær annað myndband sem Magnús leikstýrði tilnefningu en



Hannes Óli Ágústsson fer með aðalhlutverkið í myndbandinu sem maður í leit að honum fullkomna nuddstól.

**VIÐ VINNUM ÖLL  
LÖGIN OKKAR HEIMA Í  
STOFUNNI HJÁ ÁRNA OG LÓU,  
ÉG HEF ALLTAF SAGT AÐ  
MILKYWHALE SÉ KAFFIVÉLINNI  
ÞEIRRA AÐ ÞAKKA.**

það er myndbandið við lag Ólafs Arnalds og Alice Sara Ott, Reminiscence, en það fær tilnefningu fyrir bestu frammistöðu leikara.

„Milkywhale er náttúrulega alveg óþekkt hljómsveit svo það er ótrúlegt að fá þrjár tilnefningar. Við erum í flokkum með ekki ómerkglegri listamönnum en David Bowie, MØ og Major Lazer. Svo er Maggi Leifs eini leikstjóri sem hefur verið tilnefndur öll þrjú árin og við tökum þátt í pallborðsumræðum á hátíðinni núna á laugardaginn þar sem við ætlum að ræða samstarfið.“

Magnús Leifsson hefur áður verið tilnefndur, fyrir myndbandið við Old Skin með Ólafi Arnalds, Brighter Days með FM Belfast og Candlestick með múm.

„Í augnablikinu er Árni í fríi í skattaskjöldi á Bresku Jómfrúaejnum. Svo ætla ég líka í smá frí, öllu heldur snakkpokaferð, til Kanaríeyja. Þegar það er buið byrjar Milkywhale aftur af krafti. Við spilum á Húrra 3. júní og verðum svo á Hróarskeldu í lok júní. Þá erum við á fullu að klára fyrstu plötuna okkar sem kemur út í september og verður fylgt eftir með tónleikaferðalagi. Milkywhale byrjaði upphaflega sem dansverkefni og hlaut Menningarverðlaun DV í flokki danslistar í byrjun árs. Við ætlum að fylgja því eftir og vorum valin til þess að taka þátt á stóru norrænu dansfestivali í Kaupmannahöfn í haust. Svo það eru spennandi tímar fram undan,“ segir Melkorka um hvað sé á döfinni hjá Milkywhale.

[stefanthor@frettabladid.is](mailto:stefanthor@frettabladid.is)

**SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson [svanur@365.is](mailto:svanur@365.is) **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason [gustaf@365.is](mailto:gustaf@365.is), Hafsteinn Hafsteinsson [hafsteinn@365.is](mailto:hafsteinn@365.is), Hjördís Zoëga Hjördis [hjordis@365.is](mailto:hjordis@365.is), Sigfús Örn Einarsson [sigfus@365.is](mailto:sigfus@365.is), Örn Geirsson [orn.geirsson@365.is](mailto:orn.geirsson@365.is) **FÖLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann [atli.bergmann@365.is](mailto:atli.bergmann@365.is), Bryndís Hauksdóttir [bryndis@365.is](mailto:bryndis@365.is), Jóhann Waage [johannwaage@365.is](mailto:johannwaage@365.is), Jón Ívar Vilhelmsson [jonivar@365.is](mailto:jonivar@365.is), **FÖLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir [solveig@365.is](mailto:solveig@365.is) og Vera Einarsson [vera@365.is](mailto:vera@365.is) **RÁDAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason [hrannar@365.is](mailto:hrannar@365.is), Viðar Ingi Pétursson [vip@365.is](mailto:vip@365.is) **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir [arnarut@365.is](mailto:arnarut@365.is), Sigrún Helga Guðmundsdóttir [sigrunh@365.is](mailto:sigrunh@365.is)



DEWALT Á HEIMA HJÁ SINDRA...

# HÖRKUTÓL Á TILBOÐI



## HLEÐSLUBORVÉL 18V

Tvæ 18v 2.0Ah rafhlöður  
70 Nm hersla  
Tveggja gíra  
13 mm patróna  
Kolalaus mótör

vnr 94DCD791D2

VERÐ MED UPPÍTÖKU  
**31.987** m/vsk

Fullt verð 45.987 m/vsk

Tökum eldri borvélar  
uppi fyrir 14.000,-



## HLEÐSLUBORVÉL 18V

Tvæ 18v 5.0Ah rafhlöður  
70 Nm hersla  
Tveggja gíra  
13 mm patróna  
kolalaus mótör

vnr 94DCD791P2

VERÐ MED UPPÍTÖKU  
**50.003** m/vsk

Fullt verð 64.003 m/vsk

Tökum eldri borvélar  
uppi fyrir 14.000,-



## BORVÉL & SKRÚFVÉL

2 X 10,8V rafhlöður og  
hleðslutæki fylgir.

vnr 94DCK211D2T

**43.900** m/vsk

Fullt verð 57.601 m/vsk



## HÖGGBORVÉL SDS+ 18V

Án rafhlaðna og hleðslutækis.  
Mesta borun í steypu: 24 mm  
Pyngd 3,1 kg  
Kolalaus

vnr 94DCH273N

**59.900** m/vsk

Fullt verð 76.854 m/vsk



## 2JA LÍNULASER

Tveggja línulaserinn frá DeWalt er með  
pendúl sem stillir laserinn af með  
nákvæmni allt að  $\pm 0,3$  mm/m og réttir  
sig við 4°yfirborðshalla.

vnr 94DW088K

**32.900** m/vsk

Fullt verð 48.900 m/vsk



## STINGSÖG 18V

Án rafhlaðna og hleðslutækis  
Hámarks skurðarþykkt:  
Tré - 135 mm  
Járn - 10 mm

vnr 94DCS331N

**31.900** m/vsk

Fullt verð 47.971 m/vsk



## FJÖLNOTASÖG 18V

Án rafhlaðna og hleðslutækis  
Kolalaus mótör

vnr 94DCS355N

**31.900** m/vsk

Fullt verð 43.963 m/vsk



## SLÍPIROKKUR 1400W

Afl: 1400 wött  
Skífustærð: 125 mm  
Snúningshraði: 11500 sn/m

vnr 94DWE4237

**21.900** m/vsk

Fullt verð 25.637 m/vsk



## HERSLUVÉL 1/2"

Selst án rafhlaðna og hleðslutækis.  
Öflug skrúfvél sem skilar 203 Nm  
og 2700 högg á mínútu.

vnr 94DCF887N

**29.900** m/vsk

Fullt verð 39.064 m/vsk



## SKRÚFVÉL 18V

Selst án rafhlaðna og hleðslutækis.  
Öflug skrúfvél sem skilar 205 Nm  
og 3800 högg á mínútu.

vnr 94DCF887N

**29.900** m/vsk

Fullt verð 44.462 m/vsk



**LENGDUR OPNUNARTÍMI ALLA VIKUNA TIL 19:00**

www.sindri.is / sími 575 0000

Viðarhöfða 6 - Reykjavík / Skútuvogi 1 - Reykjavík / Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

**SINDRI**



# Sólarhringur

Ekki missa af þessum frábæru verðum  
sem gilda aðeins í einn sólarhing

## Kanarí

IFA Buenaventura ★★★

FRÁ: **69.900 kr.\***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í  
tvíbýli með hálfu fæði. Verð frá 82.000 kr.  
á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 22. júní  
7 nætur

## Mallorca

Portofino/Sorrento ★★

FRÁ: **47.900 kr.\***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í  
íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá  
54.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 31. maí  
7 nætur

## Almeria

Arena Center ★★★★★

FRÁ: **69.900 kr.\***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í  
íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá  
91.000 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 23. júní  
7 nætur

## Tenerife

Compostela Beach Golf ★★

FRÁ: **69.900 kr.\***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í  
íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá  
98.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 18. júní  
7 nætur

## Albír

Albir Playa ★★★★★

FRÁ: **69.900 kr.\***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í  
tvíbýli með morgunverði. Verð frá 89.900  
kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 20. maí  
7 nætur

## Benidorm

Paraiso Centro ★★

FRÁ: **66.900 kr.\***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö  
börn í íbúð með 1 svefnherbergi.  
Verð frá 82.900 kr. á mann  
m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 3. júní  
7 nætur

Verð miðast við að bókað sé á netinu og aðeins með nýjum bókunum. Birt með fyrirvara um prentvillur.

**Flugseti**  
**verð frá 9.900**

innifalið; flug, skattar og taska á frábæru verði

**Plusferdir.is**  
Hér finnur þú  
þitt flug á þessu  
frábæra verði!



Einstakt tækifæri!

Ótrúlegt verð!

# SÓLAR SÞÓÐHEITUR sprettur Plústeröð

Byrjum sumarið með stæl!



Hefst í dag 17. maí



kl. 12:00!

Kanarí

Mallorca

Almeria

Montemar ★★

FRÁ: 59.900 kr.\*

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með tveimur svefnherbergjum. Verð frá 67.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 8. júní  
7 nætur

Vista Club ★★★

FRÁ: 49.900 kr.\*

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 51.000 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 24. maí  
7 nætur

Pierre Vacances ★★★

FRÁ: 59.900 kr.\*

á mann m.v. þrjú fullorðna og þrjú börn í íbúð með tveimur svefnherbergjum. Verð frá 79.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 2. júní  
7 nætur

Komdu út í plús!

Hefur þú gaman að því að púsla? Settu saman þína ferð!

● 24°

Veðrið á Spáni  
Sumarið er hér!



## Bakpankar

Erlu Bjargar Gunnarsdóttur



## Viltu koma í félag?

Ég geri mér grein fyrir að í þessum pistli hljóma ég eins og þriggja ára barn sem vill ekki deila dótinu sínu. Og svo er ég með sterk afdalabóndagen. Að því sögu langar mig að ræða aðeins þann möguleika að við sem búum á þessu stórskrýtna skeri stofnum leynifélag. Ég er að tala um eldri og nýrri og alls konar eyjarskeggja sem eiga það sameiginlegt að kaupa dýrar kjúklingabringur og berjast við norðanáttina alla daga ársins.

Búist er við einni og hálfri milljón ferðamanna til landsins í ár og ég held að allur fjöldinn hafi verið samankominn í miðbænum um helgina. Mér leið allavega þannig. Ég hef eins og aðrir fagnað fjölgun ferðamanna með dollaramerki í augum og fjölbreytileika í hjarta. Trúað því að lundagróði muni lækka matarverð og hækka barnbæturnar. Notið þess að sjá fleiri andlit á götunum. En nú langar mig skyndilega að taka Vesturbæjarlaug af Google, opna veitingastaði í myrkum kjöllurum og leynibari með aðgangskóðum. Væri það ekki stemning?

Þeir öfgafullu í leynifélaginu (alltaf nokkrir þannig) gætu fasað skilti og náð ítökum í rútufyrirtækjum svo Gullni hringurinn verði Leynihringurinn. Gullfoss myndi endurheimta reisu, Geysir fengi að sofa og bílastæðavörðurinn á Þingvöllum fengi frí. Það væri líka fínt að fela Seljavallalaug áður en hún slær heimsmet fyrir að vera stærsta sýklabúr heims.

Svo er pæling að leynifélagið færi saman í sumardvala. Við gætum fríðað smábæ og tekið af GPS. Kópasker til dæmis.

Hver er með?

## Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka



Iceland



## MIÐBORGIN

Við erum í hjarta borgarinnar að Þverholti 13. Komdu við í kaffisopa eða sendu okkur línu og óskaðu eftir tilboði í prentverkið þitt, stórt eða smátt.



VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN  
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

# FULL BÚÐ AF NÝJUM OG SPENNANDI VÖRUM


GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



FYLDIS  
Lýrir þá allra kröfuhörðustu

## FYLDIS'

Nýjar handgerðar heilsudýnur í sérflokki frá Belgíu. Eitt það allra besta sem þekkest í dag.



Nýtt

## HÁGÆÐA NUDDSTÓLAR

Vorum að fá mikið úrval af alvöru nuddstólum Verð frá kr. 289.900.-



Alpha Techno AT 599i



Alpha Techno AT-5000-80 Margir mismunandi nuddmöguleikar



Gjörsamlega einn með öllu

Nýtt

## MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM

Einfaldur og þægilegur í notkun. Verð áklæði kr. 199.900.- Verð leður kr. 249.900.-



Leður svefnsófi með tungu / hægri / vinstri Einfaldur og þægilegur í notkun. Fluttur í sófi sem sómir sér vel hvar sem er. Verð kr. 299.900.-

Nettur svefnsófi með slitsterku áklæði og einfaldur í notkun Nokkrir litir - Verð frá kr.174.900.-

## RAÐAÐU SAMAN ÞÍNUM EIGIN FEYDOM SVEFNSÓFA



FEYDOM BONBON M kr. 229.900.- KÍKTU Á FEYDOM.COM OG SJÁÐU MÖGULEIKANA



BONBONS S 2 grunneingar: 4 sæta sófi / tvöfalt rúm með 2 púðum / koddum aðeins kr. 169.900.-



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

\*3.5% lántökugjald

12 mán. vaxtalaugar greiðslur\*

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: | Húsgagnafl - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum